



Ungverskur Akkilesarhæll



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

16. TÖLUBLAÐ

23. ÁRGANGUR

frettabladid.is

ÞRIÐJUDAGUR 24. JANÚAR 2023



Mótmælendur höfðu komið sér fyrir við inngang Alþingis í gær þegar önnur umræða um útlendingafrumvarp dómsmálaráðherra fór fram og stóð hún fram á kvöld. Var tekist á í þingsal en fyrir utan var lítill hópur fólks liggjandi í svefnpokum og með blóðrur og mótmælaspjöld. **FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI**

FRÉTTIR 6



Löngun Japana til að gifta sig minnkar

LÍFIÐ 26

Svanfríður breytti húsinu fyrir Foster



MENNING 22



Á bleiku skýi með Ljóðstafinn

Vörnin klikkaði

HANDBOLTI Tölfræðin sýnir að vörnin hjá íslenska landsliðinu í handbolta á HM í Svíþjóð var ekki nægilega góð. „Við erum að fá á okkur 102 mörk í þremur leikjum í milliriðlinum sem segir ofboðslega margt,“ segir Halldór Jóhann Sigfússon, aðstoðarþjálfari Tvis Holstebro.

34

mörk fékk Ísland á sig að meðaltali í milliriðlinum.

„Tölfræðin sýnir hins vegar að vörnin var ekki nægilega góð á mótinu og það á eftir að finna útskýringar á því.

Mér fannst vörnin standa best gegn Portúgal en svo voru þetta tíu mínútur hér og korter þar í mismunandi leikjum þar sem hún stóð sig vel,“ segir Halldór. **SJÁ SIÐU 20**

Eitt þúsund börn á Íslandi treysta sér ekki í skólann

Punglyndi og tilfinningavandi eru meðal orsaka þess að um eitt þúsund börn á Íslandi mæta ekki til skóla.

margret@frettabladid.is

SKÓLAMÁL Um þúsund íslensk börn glíma við skólaforðun og treysta sér ekki til að mæta í skólann. Kvíði og þunglyndi eru helstu áhættuþættir þegar kemur að skólaforðun, auk tilfinningavanda og hegðunarörðugleika.

Unnsteinn Jóhannsson, verkefnastjóri hjá Barna- og unglíngedeild Landspítalans, segir að áætla megi að fjöldinn sé mun meiri. Kennsla og nám á tímum Covid-19 hafi boðið fram ýmsar lausnir sem gætu hentað þessum hópi.



Guðrún Erla Hilmarsdóttir og Unnsteinn Jóhannsson.

Velferðarvaktin gerði í síðustu viku rannsókn um skólaforðun fyrir árið 2019 og kom þá í ljós að 2,2 prósent íslenskra barna þjást af skólaforðun og treysta sér ekki, af



Rannsókn sýnir að 2,2 prósent íslenskra barna treysta sér ekki til að mæta í skólann.

fjölbreyttum orsökum, til að mæta í skólann.

Guðrún Erla Hilmarsdóttir, verkefnastjóri hjá BUGL, bendir á að mögulegt geti verið að einstaklingar hafi einangrast enn frekar á tímum Covid „og dvelji því í sínum geðröskunum heima við“. **SJÁ SIÐU 4**



Njóttu endurhleðslunnar
á alrafmögnuðum
Škoda Enyaq iV Coupé

ŠKODA

Fæst einnig fjórhjóladrifinn!

Hekla www.skoda.is



Það fá ekki allir að mæta í skólann í dag.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Nemendur heima vegna myglu

benediktboas@frettabladid.is

SKÓLAMÁL Nemendur í þriðja og sjöunda bekk í Flataskóla þurfa að vera heima næstu tvo daga vegna myglu í skólanum. Starfsemi leikskólans mun einnig liggja niðri næstu tvo daga. Eins og fram hefur komið greindist mygla í Flataskóla úr sýnum sem voru tekin í október og í kjölfarið var farið í heildarúttekt innan skólans.

Í bréfi sem sent var til foreldra barna í skólanum í gær kemur fram að Mannvit hafi upplýst um fyrstu niðurstöður úr sýnatökum en þær benda til þess að loka þurfi nokkrum rýmum til viðbótar í skólanum. Um er að ræða matsal og leikskóladeild skólans en einnig tvær kennslustofur 7. bekkjar, eina stofu 3. bekkjar, eina stofu 6. bekkjar og sérkennslurými.

Aðrir nemendur áttu að mæta í skólann venju samkvæmt en þurfa að koma með nesti með sér í skólann í dag. ■

Brjáluð læti á Bocuse d'Or



Sigurjón Bragi Geirsson varð áttundi í Bocuse d'Or í gær en Danir hrósuðu sigri í þessari virtustu matreiðslukeppni heims, sem yfirleitt er kölluð heimsmeistarakeppni einstaklinga í matreiðslu. Fjölmargir Íslendingar fylgdu Sigurjóni, meðal þeirra var Ólafur Helgi Kristjánsson, eigandi Brasserie Kársnes í Kópavogi. „Við höfum alltaf endað á topp tíu sem er frábær árangur fyrir litla Ísland og sýnir hvað við erum að gera vel í mat hér á landi,“ segir Ólafur. MYND/ÓLAFUR HELGI


Rafbyssuvæðingin hófst í gær

odduraevar@frettabladid.is

LÖGREGLUMÁL Margrét Valdimarsdóttir, dósent í afbrotapræði við Háskóla Íslands, segir að rannsóknir á notkun lögreglu á rafbyssum í nágrannalöndum bendi til þess að þær hafi lítið að segja um öryggi lögreglu og almennra borgara líkt og Jón Gunnarsson dómsmálaráðherra hefur fullyrt.

Reglugerð ráðherra sem heimilar lögreglumönnum að nota rafbyssur öðlaðist gildi í gær.

Margrét segir að sumir hafi áhyggjur af því að rafbyssuvæðing lögreglunnar muni auka vopnaburð hjá glæpahópum. „Mér finnst ekki sennilegt að þetta muni breyta einhverju varðandi vopnaburð glæpahópa.“ Að síðustu nefnir Margrét að í samanburðarlöndum Íslands tiðk-



Margrét Valdimarsdóttir, dósent í afbrotapræði við Háskóla Íslands

ist það gjarnan að halda vel utan um gögn þegar svo stórtækar breytingar verða á löggæslu.

„Önnur lönd eins og Noregur og Bretland sem hafa farið í þessa breytingu hafa haldið rosalega vel utan um gögn, af því að núna á markmiðið að vera að fækka slysum á lögreglumönnum, þá verður líka að vera skýrt að það sé haldið utan um gögn þannig að það sé hægt, til dæmis eftir eitt ár, tvö ár, að skoða hvað gerðist.“ ■

Segir vistir ekki hafa þrotið

Mikil óánægja ríkir hjá farþegum Icelandair sem sumir boða lögsókn eftir langa bið í vélum félagsins í Keflavík. Neytendasamtökin segja málið vekja upp áhugaverðar spurningar.

bth@frettabladid.is
ggunnars@frettabladid.is

SAMGÖNGUR Ranglega hefur verið haldið fram að allar vistir hafi klárast um borð í vélum Icelandair sem urðu vedurteppar á sunnudag. Þetta segir framkvæmdastjóri hjá Icelandair.

Farþegar biðu útgöngu úr vélum á Keflavíkurflugvelli í allt að tíu klukkustundir. Samkvæmt upplýsingum frá Isavia taka flugfélögin ákvörðun um hvort lent skuli á flugvelli eða ekki.

„Við upplýsum flugfélög og flugrekstrarfyrirtæki um veðurspá,“ segir Guðjón Helgason hjá Isavia. Ljóst var að hans sögn að veðrið á sunnudag yrði vont og var haldinn sérstakur fundur á laugardagskvöldið þar sem aðgerðastjórn mat aðstæður.

„En flugvöllurinn er alltaf opin. Alþjóðaflugvellir eru alltaf opnir,“ segir Guðjón.

Ef vindhraði fer yfir 50 hnúta er landgangur ekki opnaður að vélum. Stigabílar komust hvorki lönd né strönd þar sem þeir hefðu getað nuddast út í vélarnar í rokinu. Vindur fór yfir 70 hnúta í hviðum og f auk hlaðmaður hundruð metra eftir flugbrautinni í látunum.

„Það sköpuðust þarna mjög erfiðar aðstæður,“ segir Guðjón.

Kristen Carr, farþegi í Ameríkufluginu, sat föst allan sunnudaginn. Hún vandar Icelandair ekki kveðjurnar og segir að allur matur hafi klárast um borð sem og drykkir og salernin orðið ónothæf.

Þetta segir Jens Bjarnason, framkvæmdastjóri rekstrarsviðs



Fárviðri gerði farþegum um borð í vélum Icelandair lifið leitt á sunnudag. Icelandair og farþegum ber ekki saman.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Væri betra að beina vélunum annað? Eða leggja seinna af stað?



Breki Karlsson, formaður Neytendasamtakanna

Icelandair, vera rangt. „Við höfum rætt við áhafnir og í öllum vélum voru birgðir, óáfengur vökvi til að drekka. Þar sem vatn kláraðist var til sóðavatn.“

Jens segir að spár færustu sérfræðinga um veðrið hafi ekki staðist.

„Versta veðrið átti að ganga yfir klukkan níu um morguninn en detta svo niður um hádegi. Ef það hefði gengið eftir hefðum við alveg getað komið vélunum til og frá Keflavík þarna um morguninn,“ segir Jens. Eitraður kokteill hitastigs, úrkomu og vinds leiddi til þess að svo fór sem fór, að sögn Jens.

Tjón Icelandair hleypur á tugum milljóna. Spurður hvort félagið sjái fram á að greiða farþegum skaðabætur segir Jens að röskun vegna veðurs sé undanþegin neytendarétti.

Breki Karlsson, formaður Neytendasamtakanna, segir að málið vekji upp áhugaverðar spurningar um hvenær farþegi sé kominn á áfangastað og hvenær ekki. „Er það þegar flugvélin lendir eða þegar farþegar stíga frá borði? Það getur haft áhrif á mögulegar bætur.“

Breki segir að læra verði af þessari reynslu.

„Hvernig munu flugfélögin bregðast við næst þegar svona veður geisar? Væri betra að beina vélunum annað? Eða leggja seinna af stað? Þetta er eitthvað sem flugfélögin hljóta að skoða.“ ■

VILKO 50 ára
Kakósúpa 175g e
Súpuflúft sem blandast út í 1 lítra af vatni
- einfaldara getur það ekki verið!
50 ára 1969 - 2019
VILKO

LAGASTA

VERÐIÐ

Í HAFNARFIRÐI

ER Á REYKJAVÍKURVEGI





Skipin Árni Friðriksson og Bjarni Sæmundsson eru komin á miðin.

Góðar fréttir af loðnu í vændum

ser@frettabladid.is

SJÁVARÚTVEGUR Þrjú loðnubátar og tvö rannsóknarskip Hafrannsóknastofnunar eru á leið í loðnuleit.

„Já, við erum bjartsýnir,“ segir Guðmundur J. Óskarsson fiskifræðingur. Rannsóknarskipið Árni Friðriksson hafi kannad miðin úti fyrir Norðurlandi gróflega og þar hafi fundist umtalsvert magn af loðnu.

Loðnuskipin Ásgrímur Halldórson og Jóna Eðvalds frá Hornafirði þátt í leitinni ásamt Heimaey úr Eyjum og halda þau austur fyrir land en rannsóknarskipin Árni og Bjarni Sæmundsson fara norður. ■



Purr hósti, mæði við áreynslu og blóðnasir þjaka nautgripi.

Parainflúensa í nautgripum

ser@frettabladid.is

LANDBÚNAÐUR Svokölluð parainflúensa hefur greinst í nautgripum á einum bæ á Norðausturlandi segir á vef Matvælastofnunar.

Pestarnnar varð vart í haust. Kýr á bænum veiktust af skitu í annað sinn á ári. Dýrin voru jafnframt með krankleika í öndunarfærum, sem þótti á skjön við hefðbundna veiruskitu. Um var að ræða þurran hósta, mæði við áreynslu og blóðnasir.

Rannsóknir Tilraunastöðvarinnar á Keldum leiddu í ljós að um svokallaða parainflúensu er að ræða. Er það landlæg veira víða um álfur. ■

Traustir verktakar hafa ekki áhuga á fúskarastimpli

kristinnpall@frettabladid.is

ÍÐNAÐUR „Menn halda að það sé dýrara að byggja vel, sem getur verið raunin ef maður notar dýrustu efnin til að byggja vel en ef markmiðið er að byggja hús vel sem stenst allar þær kröfur sem þörf er á hér á landi þarf það ekki að vera dýrt,“ segir Ríkharður Kristjánsson, verkfræðingur hjá RK Design, en hann var einn viðmælenda á ráðstefnu um rakaskemmdir og myglu í Háskólanum í Reykjavík í gær. Sérstök áhersla var lögð byggingar-

galla og fúsk í nýlegum byggingum á ráðstefnunni og talaði Alma D. Möller landlæknir meðal annars um áhrif myglu á heilsu fólks. „Það eru margir að byggja og selja sem hafa ekki vit á þessu en eru að reyna að komast í peninga. Þessir aðilar vita kannski ekki að það þarf að borga fyrir hönnun,“ segir Ríkharður og nefnir dæmi um afreks-íþróttafólk.

„Traustir verktakar hafa ekki áhuga á að fá stimpli fúskara og þeirra hagar er að gera þetta vel. Þetta er eins og í íþróttunum, þú



Það eru margir að byggja og selja sem hafa ekki vit á þessu en eru að reyna að komast í peninga.

Ríkharður Kristjánsson, verkfræðingur hjá RK Design,

verður ekki heimsmeistari í fyrstu tilraun. Það tekur þúsundir æfinga áður en þú nærð afrekinu.“

Ríkharður segir eftirsjá af Rannsóknastofu byggingariðnaðarins. „Það var mikill missir að missa hana sem var lokað á sama tíma og Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Það er samhugur innan stéttarinnar um að það sé þörf á stofnunum sem þessum. Í fortíðinni vorum við að glíma við ýmis vandamál sem okkur tókst að leysa með aðstoð rannsóknastofunnar og ég tel að það hafi verið mikil skammsýni að loka henni.“ ■

Þúsund börn glíma við skólaforðun

Rannsókn sýnir að 2,2 prósent íslenskra barna treysta sér ekki til að mæta í skólann. Kvíði og þunglyndi eru helstu áhættuþættir.

margret@frettabladid.is

SKÓLAMÁL Um þúsund íslensk börn glíma við skólaforðun og treysta sér ekki til að mæta í skólann. Unnsteinn Jóhannsson, verkefnastjóri hjá Barna- og unglíngageðdeild Landspítalans (BUGL), segir að áætla megi að fjöldinn sé mun meiri. Kennsla og nám á tímum Covid-19 hafi boðið fram ýmsar lausnir sem gætu hentað þessum hópi.

Velferðarvaktin gerði í síðustu viku rannsókn um skólaforðun fyrir árið 2019 og kom þá í ljós að 2,2 prósent íslenskra barna þjást af skólaforðun og treysta sér ekki, af fjölbreyttum orsökum, til að mæta í skólann.

Guðrún Erla Hilmarsdóttir, verkefnastjóri hjá BUGL, bendir á að mögulegt geti verið að einstaklingar hafi einangrast enn frekar á tímum Covid „og dvelji því í sínum geðröskunum heima við,“ segir hún.

Kvíði og þunglyndi eru helstu áhættuþættir þegar kemur að skólaforðun, auk tilfinningavanda og hegðunarörðugleika.

„Skynáreiti er einnig erfitt fyrir einhverja,“ segir Unnsteinn. „Það eru börn sem eiga til dæmis erfitt með lykt, hávaða eða birtu og finna fyrir miklum óþægindum við það að mæta í skólann,“ bætir hann við.

Þau segja að mikilvægt sé að mennta- og heilbrigðiskerfi vinni saman, gripi inn í og finni lausnir. Skólinn Ásgarður er með alla sína kennslu á netinu og sinnir nemendum hvaðanæva af landinu. Hann er úrræði sem hefur reynst mörgum vel enda fer kennsla fram í gegnum



Kvíði og þunglyndi eru helstu áhættuþættir þegar kemur að skólaforðun, auk tilfinningavanda og hegðunarörðugleika. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Mögulega getur verið að einstaklingar hafi einangrast enn frekar á tímum Covid og dvelji því í sínum geðröskunum heima við.



Guðrún Erla Hilmarsdóttir, verkefnastjóri hjá BUGL

netið og nemendur geta sinnt náminu heima.

Guðrún Erla og Unnsteinn segja að samræmd skráning þurfi að ná yfir landið allt svo hægt sé að grípa inn í, en borið hefur á að skólastjórnendur og kennarar vilji gjarnan ekki skrá fjarvistir því þeir halda að þeir séu að hjálpa einstaklingnum með því að draga ekki niður mætingareinkunn.

Á föstudag heldur BUGL ráðstefnu um skólaforðun þar sem rætt verður um ýmsar lausnir sem eru í boði og ungt fólk sem glímt hefur við skólaforðun mun deila reynslu sinni. ■

Nánar á Fréttavaktinni á Hringbraut klukkan 18.30 í kvöld.

Tugir flóttabarna bíða skólavistar

benediktboas@frettabladid.is

MENNTAMÁL Alls bíða 55 börn, sem eru umsækjendur um alþjóðlega vernd, eftir að hefja grunnskólagöngu hér á landi. Þetta kemur fram í svari Ásmundar Einars Daðasonar, mennta- og barnamálaráðherra, við fyrirspurn frá Eyðisi Ásbjörnsdóttur á Alþingi í gær.

Börn sem hingað koma hefja ekki skólagöngu fyrr en þau hafa lokið heilbrigðisskoðun og því má skipta hópnum í tvennt, annars vegar eru þau sem bíða eftir heilbrigðisskoðun og hafa því ekki hafið skólagöngu og hins vegar þau sem hafa lokið heilbrigðisskoðun og bíða eftir að hefja grunnskólagöngu.

Alls eru 22 börn sem hafa lokið heilbrigðisskoðun en ekki hafið skólagöngu. Þau tvö börn sem hafa beðið lengst eftir að hefja skólagöngu hafa beðið síðan í október,



Eitt barn þurfti að bíða í hálf ár eftir skólavist hér á landi. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

eða þrjú mánuði. Hin 20 hafa beðið frá því í nóvember eftir að hefja almenna skólagöngu.

Lengsti tími sem ráðuneyti Ásmundar veit um að barn hafi beðið eftir skólagöngu er frá apríl 2022 til október 2022 eða hálf ár. Í

svarinu segir að almennt sé miðað við að börn sem eru umsækjendur um alþjóðlega vernd séu komin í almennan skóla eða annað úrræði til menntunar innan fjögurra vikna frá því að þau hófu að fá þjónustu Vinnuálastofnunar. ■

SÆBJÚGNAHYLKI +D3 FYRIR HEILSUNA

Þjáist af liðverkjum og stirðleika?
Viðkvæmt ónæmiskerfi? - Of hárl blóðþrýstingur?



Í Kína eru sæbjúgu þekkt sem heilsuþótar-fæði og notuð til bóta á mörgu meini.

Vítamín D:

- Stuðlar að eðlilegri upptöku kalsíums og fosfórs.
- Stuðlar að viðhaldi beina, tanna og vöðva.
- Stuðlar að bættri starfsemi ónæmiskerfisins.
- Eining hefur D-vítamín hlutverki að gegna við frumuskiptingu.


ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA,
Framleiðandi er Arctic Star ehf.
Allar nánari upplýsingar fast á
www.arcticstar.is

Arctic Star Sæbjúgnahylki +D3
Varan fæst í flestum apótekum, heilsuþóðum,
Hagkaupum, Fjarðakaup og Heimkaup.is

info@arcticstar.is - www.arcticstar.is

Síðumúli 31 - 108 Reykjavík - S: 562-9018 / 898-5618

Meõ p r   porranum



Ríkisendurskoðun getur ekki brugðist við lélegum skilum á ársreikningum

benediktboas@frettabladid.is

STJÓRNSÝSLA Samkvæmt skýrslu Ríkisendurskoðunar um skil ársreikninga staðfesta sjóða og stofnana fyrir árið 2021 vantar 290 ársreikninga. Alls bar 693 sjóðum og stofnunum að skila ársreikningi og höfðu 403 uppfyllt þessa skyldu.

Höfðu því um 58 prósent ársreikninga borist tæpum sex mánuðum eftir eindaga skila. Þá vekur athygli að 42 virkir sjóðir hafa aldrei skilað ársreikningi til embættisins þrátt fyrir árvissar ítrekanir þar um.

„Í nýjasta áhættumati Ríkislögreglustjóra vegna peningaþvættis og fjármögnunar hryðjuverka, sem gefið var út í mars árið 2021, er sérstaklega fjallað um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá og ófullnægjandi skil þeirra á ársreikningum síðustu ár.

Í áhættuflokkun Ríkislögreglustjóra er áhættan af því að slíkar stofnanir eða sjóðir verði notaðar til að þvætta ólögmatan ávinning



Minningarsjóður Rúnars Júlíussonar skilaði síðast ársreikningi árið 2018.

metin veruleg,” segir í skýrslunni.

Að mati Ríkisendurskoðunar er mikilvægt að brugðist verði við sem allra fyrst og allra leiða leitað til að bæta skil ársreikninga þessara aðila.

Á undanförunum árum hefur Ríkisendurskoðun margoft bent stjórnvöldum á að virkari lagaúrræði þurfi til að knýja fram skil á þessum ársreikningum án þess að brugðist hafi verið við þeim ábendingum. ■



Samtals bjuggu 387.800 manns á Íslandi í árslok 2022. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Tímamót nálgast í fjölda landsmanna

ser@frettabladid.is

SAMFÉLAG Ef mannfjöldun á Íslandi heldur áfram á sama hraða og undanfarin ár verða Íslendingar orðnir 400 þúsund undir lok næsta árs eða í byrjun árs 2025.

Landsmönnum fjölgaði um 2.570 síðustu þrjá mánuði á nýliðnu ári. Samtals bjuggu 387.800 manns á Íslandi í árslok 2022, þar af voru 199.840 karlar, en 187.840 konur – og munar þar tólf þúsund manns. Þar við bætast 130 landsmenn sem skráðir voru kynsegin/annað í bókum Hagstofunnar.

Um áramót bjuggu 247.590 á höfuðborgarsvæðinu, en 140.210 á landsbyggðinni.

Samkvæmt uppfærðum tölum



Fleiri karlar en konur fluttust frá landinu.

Hagstofunnar fæddust 1.040 börn á síðasta ársfjórðungi 2022, en 650 einstaklingar létust. Á sama tíma fluttust 2.120 einstaklingar til landsins umfram brottflutta.

Brottfluttir einstaklingar með íslenskt ríkisfang voru 60 umfram aðflutta en aðfluttir erlendir ríkisborgarar voru 2.170 fleiri en þeir sem fluttust frá landinu. Fleiri karlar en konur fluttust frá landinu. ■

Velferðarþjónusta fyrir þolendur mansals bíður enn undirbúnings

benediktboas@frettabladid.is

STJÓRNSÝSLA Af 30 aðgerðum gegn ofbeldi og afleiðingum þess er 18 lokið en 11 eru í vinnslu eða lokið að hluta og ein er í undirbúningi, hjá stýrihóp fjögurra ráðuneyta um framfylgd þingsályktunar um aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingum þess.

Aðgerðir sem enn eru í vinnslu eru meðal annars fræðsla um ofbeldi til þeirra sem vinna með börnum í skóla-, íþrótt- og æskulýsstarfi, fræðsluefni fyrir leikskóla, bætt áverkaskráning í slyskrá Íslands og viðbragðsteymi um sérhæfða ráðgjöf til þolenda ofbeldis á landsbyggðinni.

Enn er verið að undirbúa leiðbeinandi reglur um velferðarþjónustu fyrir þolendur mansals.



Guðmundur Ingi Guðbrandsson, félags- og vinnu- markaðsráðherra

Þetta kemur fram í stöðuskýrslu sem birt var í gær. Aðgerðaáætlunin var undir forystu þáverandi félagsmálaráðuneytis. Guðmundur Ingi Guðbrandsson, félags- og vinnu- markaðsráðherra, hefur kynnt stöðuskýrsluna fyrir ríkisstjórninni og áformað er í vor að skipa starfs- hóp til að gera nýja aðgerðaáætlun. ■



Sho Ubukata og eiginkona hans eru í minnkandi hópi Japana sem ákveða að gifta sig og eignast börn.

MYND/ADSEND

Japanskir karlar skipta út eiginkonum fyrir vélmenni

Löngun ungs fólks í Japan til að giftast og eignast börn heldur áfram að minnka samkvæmt nýrri könnun. Japanskur markaðsfræðingur segir við Fréttablaðið að tækni og auknið sjálfstæði kvenna komi í stað gamalla hefða.

helgisteinar@frettabladid.is

JAPAN Aðeins 16,5 prósent einstaklinga á aldrinum sautján til nitján ára í Japan segjast staðráðin í að gifta sig í framtíðinni. Þetta kemur fram í nýrri skoðanakönnun sem unnin var af Nippon Foundation.

Rúmlega 65 prósent þeirra eitt þúsund ungmenna sem spurð voru hvort þau myndu vilja gifta sig í framtíðinni sögðust hafa löngun til þess. Þegar þau voru spurð hvers vegna þau héldu að hjónaband myndi mögulega ekki ganga upp sögðu 47,3 prósent karlanna einfaldlega ekki geta fundið sér maka og vísuðu margir í eigin fjárhags-erfiðleika.

Meðal kvenkyns svarenda sögðu 52,3 prósent að það að vera einhleyp væri ekki eins sálfræðilega íþyngjandi og að vera með maka. Margar þeirra sögðu einnig að þær vildu ekki eiga börn og vildu ekki missa persónulegt frelsi sitt.

Sho Ubukata, markaðsfræðingur í borginni Nagoya, telur að aukin þægindi í lífi samlanda sinna hafi mikil áhrif á ákvarðanir þeirra í lífinu. Með tækninni sé gömlum



Í gamla daga fengu giftir karlmenn til dæmis eiginkonu sína til að þrifa og elda, en nú erum við komnir með vélar sem sjá um allt þetta fyrir okkur.

Sho Ubukata, markaðsfræðingur

sinna börnunum heima á meðan eiginkonur þeirra eru úti að vinna.

„Þetta tengist líka japanskri menningu. Við erum frekar hlé-dræg þjóð og erum ekki mikið að tala hvert við annað. Það hafa til dæmis komið út kannanir sem sýna að rúmlega 60 til 70 prósent háskólanema hafi ekki einu sinni farið á stefnumót.“

Sho segir einnig að ungt fólk í Japan hafi ekki tíma fyrir makaleit þar sem þritugs- og fertugsaldurinn sé gjarnan tileinkaður atvinnulíf- inu.

„Dugnaðurinn sem fólk sýnir á þessum árum á stóran þátt í að móta feril þess þegar það er svo komið á fimmtugs- og sextugsaldur“, segir Sho.

Löngun fólks til að giftast og eignast börn hefur minnkað víða í Asíu á undanförunum árum. Aukið sjálfstæði ungs fólks og hár framfærslukostnaður hefur skapað umhverfi þar sem lítill hvati er til hjónabanda eða barneigna. Einbirnisstefnan í Kína hafi til að mynda skapað nokkurs konar einbirnismenningu meðal heillar kynslóðar þar í landi.

Sho, sem er sjálfur kvæntur og á tvö börn, segir að japönsk yfirvöld hafi reynt að hvetja til barn- eigna með barnabótum. Borgarstjórn Nagoya borgar fjölskyldu hans tæplega 30 þúsund krónur á mánuði fyrir hvert barn og eru umræður í öðrum borgum um að auka greiðslur í von um að sporna við fyrrnefndri þróun. ■

hefðum skipt út og að fólk reiði sig ekki jafn mikið á aðra.

„Það að lifa er orðið auðveldara fyrir okkur. Í gamla daga fengu giftir karlmenn til dæmis eiginkonu sína til að þrifa og elda, en nú erum við komnir með vélar sem sjá um allt þetta fyrir okkur“, segir Sho sem minnst reyndar líka á vélmenni sem sjá um aðrar þarfir innan hjónabandsins.

Sho segir einnig að japanskar konur séu í auknum mæli komnar út á vinnuarkaðinn. Þær þurfi ekki að reiða sig fjárhagslega á eiginmann lengur. Það sé heldur ekki óalngengt að sjá japanska karlmenn

Sundlaugar þurfa tíma til að hitna

helgisteinar@frettabladid.is

SAMFÉLAG Grétar Lind, starfsmaður Árbæjarlaugar, segir það mun flóknara verkefni að hita sundlaugar á ný eftir lokun en margir gera sér grein fyrir. Sundlaugar eru háðar mis- munandi tækjum sem staðsett eru í kjallara lauganna og þarf að fara hægt og rólega yfir upphitunar- ferlið.

„Þú ýtir ekki bara á einn takka og þá er allt komið“, segir Grétar og bætir við að það taki tíma fyrir vatnið í sundlaugunum að hitna og þá sérstaklega á veturna.

Hann segir sundlaugar mjög viðkvæmar fyrir frosti og er það líka ástæða þess að laugarnar eru ávallt tæmdar að sumri til þegar þær eru hreinsaðar. Myndi starfsfólk tæma sundlaugina að vetri til myndi frostið einfaldlega skemma hana.

„Við erum rík að eiga þetta heita vatn, en við tökum því samt stund-



Margir íbúar urðu óánægðir þegar loka varð sundlaugum sökum mikils kulda.

FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

um eins og sjálfsgöðum hlut og svo þegar við neyðumst til að skrúfa fyrir þá eru margir mjög óánægðir.“

Grétar segir að þrátt fyrir eitt versta kuldakast sem sést hefur í 50 ár sé Árbæjarlaug komin aftur í gott

ástand. „Það getur tekið mislangan tíma að hita sundlaugina eftir því hvað hún er stór. Hitastigið er yfirleitt hærra hjá okkur, eða í kringum 29 gráður. Fólk finnst það bara mjög þægilegt.“ ■



2023

FRANSKA
KVIKMYNDAHÁTÍÐIN
20. til 29. janúar
www.bioparadis.is

AMBASSADE
DE FRANCE
EN ISLANDE

af
Alliance Française
Reykjavík

INSTITUT
FRANÇAIS

BÍÓ PARADÍS

Canada



RÚV



EUROPEAN
CINEMA
Creative Europe MEDIA

MEDIA
EUROPE LOVES CINEMA

PONANT



Séð yfir Hellu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ákvörðun um flugvöll frestað

gar@frettabladid.is

HELLA Byggðarráð Rangárbings ytra hefur frestað því að taka afstöðu til skipulagsbreytinga á flugvöllinum við Hellu. Biða á þar til kynning meðal íbúa um framtíð flugvallarins hefur farið fram fyrir miðjan febrúar.

„Eru í skipulaginu skilgreindar þrjár lóðir kringum núverandi byggingar, ein lóð fyrir aðstöðugám og 15 lóðir fyrir flugskýli og flugtengda starfsemi. Svæðið liggur að þéttbýli Hellu og mun tengjast Helluvangi,“ segir meðal annars í lýsingu á verkefninu. ■



Fyrir framan sendiráð Eistlands í Moskvu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Sendiherra Eista rekinn úr landi

helgisteinar@frettabladid.is

RÚSSLAND Rússneska ríkisstjórnin hefur ákveðið að reka Margus Laidre, sendiherra Eistlands, úr landi og er honum skipað að yfirgefa landið fyrir 7. febrúar. Að sama skapi hafa Eistar beðið sendiherra Rússlands í Eistlandi um að yfirgefa landið fyrir sömu dagsetningu.



Rússar hafa sakað Eista um að eyðileggja samskipti ríkjanna með því sem yfirvöld í Kreml kalla „Rússaföbiu“.

Rússar hafa sakað Eista um að eyðileggja samskipti ríkjanna með því sem yfirvöld í Kreml kalla „Rússaföbiu“. Margus er fyrsti sendiherrann sem Rússar reka úr landi eftir innrás þeirra í Úkraínu.

Ákvörðun Rússa kemur í kjölfar beiðni eistnesku ríkisstjórnarinnar um að fækka starfsfólki rússneska sendiráðsins frá sautján niður í átta. Samkvæmt tilkynningu frá eistneskum stjórnvöldum hefur starfsfólk rússneska sendiráðsins ekki leitað við að efla samskipti ríkjanna alveg frá því að stríðið braust út.

Margus Laidre hefur verið sendiherra Eistlands í Moskvu frá 2018, en hann hefur einnig verið sendiherra í Bretlandi og Finnlandi. Honum verður nú skipt út fyrir diplómata í lægri stöðu eftir að hann yfirgefur landið. ■

Undir mannkyninu sjálfu komið hvernig unnið er úr hlýnun jarðar

Á fimmtudag fer fram janúarráðstefna Festu – miðstöðvar um sjálfbærni í tíunda sinn. Hrund Gunnsteinsdóttir, framkvæmdastýra sjóðsins, segist spennt fyrir því að geta loks boðið fólki að koma saman á ráðstefnuna eftir að hafa þurft að halda hana rafrænt síðustu tvö ár vegna heimsfaraldurs.

lovisa@frettabladid.is

UMHVERFISMÁL Janúarráðstefna Festu er haldin á Nordica næsta fimmtudag. Það er í tíunda sinn sem ráðstefnan er haldin en í ár er yfirskrift hennar Lítum inn á við. Framkvæmdastýra Festu, Hrund Gunnsteinsdóttir, segir marga spennandi fyrirlesara vera á ráðstefnunni í ár.

Meðal fyrirlesara eru Friðrik R. Jónsson, Johan Rockström, Kate Raworth, Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir ráðherra og Tinna Hallgrímsdóttir, forseti Ungra umhverfis-sinna. Ráðstefnan er stærsta ráðstefnan sem haldin er hér árlega á landi um sjálfbærni.

„Sjálfbærni er í dag byggð á fjórum stöðum. Jörð, náttúru, góðum stjórnarháttum og velsæld og það á við um allt samfélagið því allur heimurinn er að fara í gegnum umbreytingarferli. Ráðstefnan á því við um alla á vinnumarkaði og þá þróun sem á sér stað í samtímanum. Bæði þegar kemur að jöfnuði, réttlátari umskiptum og því hvernig við framleiðum og ræktum og hvað við borðum,“ segir Hrund en þau sem sækja ráðstefnuna eru að miklu leyti frá um 180 aðildarfélögum Festu en einnig fólk frá ýmsum stofnunum og fyrirtækjum sem eru það ekki. „Svo er sérstakt tilboð fyrir háskólanemendur,“ segir Hrund.

Hún segir einnig mjög mikilvægt að huga að því að laga- og regluverk sé að breytast, einnig kröfur um upplýsingagjöf um sjálfbærni í rekstri og að fólk verði að kynna sér það og það verði eitt af því sem verður rætt á ráðstefnunni.

Hrund tók við hlutverki framkvæmdastjóra árið 2019 og segir að á þessum stutta tíma hafi margt breyst.

„Lítið dæmi er að við höfum þröfaldað að stærð á þessum stutta



Hrund Gunnsteinsdóttir, framkvæmdastýra Festu, segist trúá á það að mannkynið muni gera hlutina öðruvísi.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ERNIR

En ef við tökum púlsinn á stöðunni í heiminum í dag þá er hún ekkert sérstaklega góð.

Hrund Gunnsteinsdóttir, framkvæmdastýra Festu

tíma. Atvinnulífið er að átta sig betur á þessari þróun sem er orðin hraðari,“ segir Hrund og segir það eins eiga við opinberar stofnanir og fyrirtæki.

Hún starfaði áður alþjóðlega og þekkir málaflökkinn vel. Hún segir að í heimsfaraldri hafi sjálfbærni komist á dagskrá af miklu meiri krafti og áður og nú séu meiri fjárfestingar.

„En ef við tökum púlsinn á stöðunni í heiminum í dag þá er hún ekkert sérstaklega góð. Covid setti heimsmarkmiðin langt aftur, innrásin í Úkraínu er að valda rosalegum hríngingi þegar kemur að orkumálum og afturför til kola- og gass en á sama tíma er verið að gera meira í endurnýjanlegri orku,“ segir Hrund og að hvað varðar til dæmis árangur þegar kemur að hringrásarhagkerfinu hafi hann dregist saman á síðasta ári alþjóðlega.

„Það er ekki jákvætt,“ segir Hrund og nefnir sérstaklega slæmar fréttir af auknum krafti í notkun jarðefnaeldsneytis.

„En við þurfum að fagna því hvað heimurinn er flókinn og það er mikið undir mannkyninu komið hvert við stefnum. Við höfum það mikla stjórn á náttúru og vistkerfum heimsins núna. Hlýnunin er af mannanna völdum og á sama hátt er það í okkar höndum hvernig er unnið úr þessu. Ég hef ekki öll svörin en það sem ég vel að gera á hverjum degi er að kynna mér það sem verið er að gera, hafa trú á mannkyninu og hugrekki þess til að gera hlutina öðruvísi.“ ■



Óvelkomin aðskotadýr í hundraða milljóna vís

gar@frettabladid.is

ÁSTRALÍA Risavaxna sykurreyskarta Todzilla sem fannst nýlega í fylkinu Queensland í Ástralíu og reyndist vera sú þyngsta sinnar tegundar til þessa var svæfð og send á safn.

Sykurreyskörtur voru upphaflega fluttar til Ástralíu frá Ameríku árið 1935. Var þeim ætlað að halda skaðlegum bjöllum í skefjum. Síðan þá eru körturarnar búnar að gera stóran hluta af norðurhluta landsins að búsvæði sínu og eru hvergi nærri hættar heldur halda áfram fjöru-tíu til sextíu kílómetra í vesturátt á hverju ári.

Um er að ræða sérdeilis harðskeytt og illskeytt kvikindi sem éta allt sem fyrir verður og kemst fyrir í kjafti þeirra. Talið er að fjöldi kartanna í Ástralíu skipti nú hundruðum milljóna.

Toadzilla heitin vó 2,7 kílógrömm og sló þar með út körtu sem fannst í Svíþjóð árið 1991 og var 2,65 kílógrömm. Eins og venjan er með slíka skaðræðisgripi var Toadzilla aflífúð



Karta af þessari stærðargráðu étur allt sem passar í kjaftinn á henni.

Kylee Gray, þjóðgarðsvörður í Queensland

og var kartan send á Queensland-safnið til varðveislu.

Eins og fram kom á frettabladid.is á laugardag var það þjóðgarðsvörðurinn Kylee Gray sem fann körtuna hrikalegu þegar hún var á eftirlitsferð. Kylee segist skiljanlega aldrei hafa séð jafn stóra körtu. Hún hafi lítið út eins og „fótbolti með lappir“.

Þótt slíkar körtur lifi aðallega á skordýrum éta þær líka skriðdýr og jafnvel smá spendýr. „Karta af þessari stærðargráðu étur allt sem passar í kjaftinn á henni,“ segir Kylee. ■

Risakartan „Toadzilla“ kynnt til sögunnar



Sykurreyskarta (Rhinella marina)


Uppruninn í Mið- og Suður-Ameríku. Fyrst flutt til Ástralíu árið 1935 til að halda sykurreysbjöllum í skefjum og er þar nú í hundraða milljóna tali.

Eitruð tegund sem er skaðvaldur með enga náttúrulega óvini. Veldur óskunda meðal upprunalegra tegunda.


Heimild og mynd: Umhverfis- og vísindaráðuneyti Queensland.

Risastór og eitruð sykurreyskarta sem landverðir í Ástralíu hafa gefið nafnið „Toadzilla“ er talin vera sú stærsta sinna tegundar sem fundist hefur.

■ Toadzilla vegur 2,7 kílógrömm sem er sexföld þyngd meðal-körtu af þessari tegund.
■ Áður var karta sem fannst í Svíþjóð árið 1991 skráð sú stærsta. Hún vó 2,65 kílógrömm.



Grafið sýnir sykurreyskörtuna og útbreiðslu hennar í Ástralíu.



ÞÍN HREYFING Í 25 ÁR

HREYFING

TECHNOGYM

Vill setja ný lög um flóttafólk og innflytjendur

Félags- og vinnumarkaðsráðherra vill skýrari löggjöf um innflytjendur og flóttafólk svo að hægt sé að samræma þjónustu og móttöku fólks um land allt. Hann hefur síðustu vikur gert samninga við sex sveitarfélög um móttöku flóttafólks og ræðir við sjö til viðbótar.

lovisa@frettabladid.is

SAMFÉLAG Guðmundur Ingi Guðbrandsson, félags- og vinnumarkaðsráðherra, stefnir að því á kjörtímabilinu að leggja fram frumvarp um heildarlöggjöf fyrir bæði innflytjendur og flóttafólk. Hann segir vanta ramma um samræmda móttöku til að tryggja jöfn tækifæri allra sem hingað leitar.

„Það sem mér finnst spennandi í þessum málaflökki núna er að búa til ramma og umgjörðina sem ríkið þarf svo að hægt sé að standa vel að þessum málaflökki,“ segir Guðmundur Ingi og viðurkennir að áskoranirnar innan hans séu risavaxnar. Þær hafi vaxið mikið síðustu mánuði samhliða auknum fjölda fólks sem hingað leitar.

„En þetta á ekki bara við um fólk á flótta, heldur líka innflytjendur á Íslandi. Áskoranirnar sem tengjast jöfnum tækifærum eru gríðarstórar. Þær tengjast tungumálinu að miklu leyti sem er lykillinn að samfélaginu,“ segir Guðmundur Ingi og segir að samkvæmt rannsóknnum séu börn innflytjenda sem dæmi líklegri til að flosna upp úr námi, séu með minni málþroska og orðaforða í íslensku en það getur skekkt tækifæri þeirra til náms og möguleika þeirra á að verða virkir þátttakendur í samfélaginu.

„Það þarf ramma, og ég sé fyrir mér nýja lagasetningu, sem tekur á móttöku, þjónustu og aðlögun innflytjenda og flóttafólks í íslensku samfélagi. Við eigum ekki svona löggjöf í dag,“ segir Guðmundur Ingi. Hann segir að þó svo að hóparnir séu ólíkir þá sé hægt að setja þá saman í eina löggjöf með því að vera með skýra afmörkun í köflum lagafrumvarpsins, um hvorn hópinn.

Hann segir að slík löggjöf þurfi að taka á fleiru, eins og vinnuafþörf, og að einnig þurfi að skýra hvaða kröfur séu gerðar til fólks sem ætlar og vill setjast á Íslandi.

Hann segir að einnig verði að skoda dreifingu fólks og að það verði að tryggja að dreifingin sé jafnari en hún er í dag en einnig verði að tryggja að löggjöfin taki á því hvernig ríkið mæti sveitarfélögum í þessu verkefni og hvernig eigi að tryggja inngildingu fólks.

Í fyrra komu hátt í fimm þúsund manns til landsins og sóttu um alþjóðlega vernd. Stærstur hluti þeirra var frá Úkraínu og Venesúela en aldrei hefur áður komið svo stór hópur til landsins á flótta á einu ári.

Guðmundur Ingi hefur undanfarnar vikur gert samninga við sex sveitarfélög um móttöku nærri þrjú þúsund flóttamanna. Hann á nú í samtölum við sjö önnur sveitarfélög um að taka þátt í verkefninu og segist vongóður um fjölgun. Kostnaður samninganna fer eftir þátttöku en á fjárlögum ársins í ár eru um 700 milljónir áætlaðar í verkefnið.

Samkvæmt samningi fá sveitarfélögin styrk frá ráðuneytinu til að sinna þjónustu við fólk sem felst til dæmis í því að aðstoða það við að finna húsnæði, opna bankareikning og að koma barni sínu í skóla en einnig sálrænni aðstoð.

Sveitarfélögin sem samið hefur verið við eru Hafnarfjörður, Akureyri, Árborg, Hornafjörður, Reykjanesbær og Reykjavíkurborg og samtals hafa þau samþykkt að taka



Guðmundur Ingi á Bifröst í sérstakri móttöku með forseta Íslands. Fjöldi flóttafólks býr á Bifröst.


MYND/ÞSEND



Ráðherra með starfsfólki Rauða krossins í fjöldahjálparstöð í Borgartúni.

MYND/ÞSEND

Fjöldi flóttafólks sem sveitarfélögin hafa gert samning við ráðuneytið um að taka á móti 2023



Eftir að fólk fær vernd er það á ábyrgð sveitarfélaga að veita því margs konar þjónustu.

á móti 2.758 flóttamönnum en stærstur hluti þeirra, 1.500 manns, verður í Reykjavík.

Einhver hluti þessa fólks er þegar kominn til landsins. Fimm af sveitarfélögum tóku þátt í tilraunaverkefni með ráðuneytinu en Hornafjörður er nýtt sveitarfélag í verkefninu auk þeirra sem verið er að ræða við. Hann segir að innan fimm sveitarfélaganna sem voru í tilraunaverkefninu hafi síðastliðin ár skapast mikil reynsla og þekking og að það hafi til dæmis verið lagt til í Árborg að þau leiðbeini nágrannasveitarfélögum sínum.

„Ég veit að Grindavík leitar líka

mikið til Reykjanesbæjar og ég held að í þessu séu sóknarfæri.“

Samningurinn nær til fólks sem fengið hefur alþjóðlega vernd eða dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða hér á landi. Guðmundur Ingi bendir á að ef hér hefði verið sérstök lagasetning hefði ekki þurft slíka samninga

„Þessir samningar hafa ekki stöð í löggjöf eða reglugerð og þess vegna þurftum við að ganga til samninga við eitt og eitt sveitarfélag. Það vantar þennan ramma til að búa þetta til og hvernig við ætlum að tryggja að sem flest sveitarfélög taki þátt því fólk ræður því sjálf, eftir að



Það skiptir okkur ofboðslega miklu máli fyrir framtíðina að móta stefnu og koma á aðgerðaáætlunum.



Guðmundur Ingi Guðbrandsson, félags- og vinnumarkaðsráðherra

það fær vernd, hvar það býr,“ segir hann og að samkvæmt samningi sé verið að tryggja að sama hvar fólk er eigi það rétt á sambærilegri þjónustu.

„Eftir að fólk fær vernd er það á ábyrgð sveitarfélaga að veita því margs konar þjónustu og með þessum samningi er ríkið að koma með fjármagn inn í þau verkefni. Vegna þess að verkefnið í kringum móttöku eru fleiri heldur en verkefni gagnvart þeim sem eru innfædd, í til dæmis félagsþjónustu,“ segir Guðmundur Ingi og nefnir þar sérstaklega sálræna aðstoð sem fólk þarf vegna áfalla sem það hefur upplifað á flótta.

„Það skiptir okkur ofboðslega miklu máli fyrir framtíðina að móta stefnu og koma á aðgerðaáætlunum og lagasetningu sem heldur utan um þetta til lengri tíma og til framtíðar. Það er mitt markmið og annarra ráðherra ríkisstjórnarinnar,“ segir Guðmundur Ingi að lokum. ■

Ástand heimsins


Skotárás, verkföll og efnahagskreppa

Þriðja vika ársins 2023 var viðburðarík í heimsfréttum. Verkfallsaðgerðir í Bretlandi, efnahagskreppa í Íran og tennismót í Australíu eru meðal þess sem augu heimsins beinast að um þessar mundir.



Verkalýðsfélög sjúkraf lutninga-fólks í Bretlandi hefur boðað til verkfalls næstu dagana. Talsmaður heilbrigðisráðuneytis Bretlands sagði að uppbyggilegar viðræður ættu sér stað við stéttarfélagin um launamál stéttarinnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/
GETTY



Tíu manns létust og tíu særðust alvarlega í skotárás í Monterey Park í Los Angeles á laugardagskvöld. Maðurinn sem framdi ódæðið hét Huu Can Tran og fann lögregla bíðreið hans á bílastæði við verslunarmiðstöð. Talið er að hann hafi svipt sig lífi.

FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



Íbúi í bænum Lyman í Donetsk-héraði í Úkraínu horfir til himins frá kjallaranum í blokkinni sinni. Úkraínumenn náðu yfirráðum yfir Lyman aftur í október og hafa íbúar hægt og rólega snúið aftur á heimili sín.

FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



Efsti maður heimslistans í tennis, Serbinn Novak Djokovic, sigraði ástralska tenniskappann Alex de Minaur í fjórðu umferð Opna ástralska mótsins. Djokovic mætir Rússanum Andrey Rúblev í næstu umferð.

FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



Íranir standa frammi fyrir efnahagskreppu í kjölfar refsiaðgerða sem Bandaríkin og Evrópu-sambandið hafa beitt landið. Auk þess hafa mótmæli geislað í Íran eftir að kjarnorkuviðræður stöðvuðust. Íranski gjaldmiðillinn hefur aldrei verið veikari og þurfa almennir borgarar að gjalda fyrir það.

FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



Rafmagn fór víða af í Páki-istan í gær eftir að bilun átti sér stað í borginni Peshawar sem hafði keðjuverkandi áhrif á rafmagnskerfi landsins. Að sögn Khurram Dastgir, orku-málaráðherra landsins, hafði rafmagnsleysið áhrif á um 220 milljónir manna.

FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Sýnilegar afleiðingar



Birna Dröfn Jónasdóttir
birnadrofn@frettabladid.is

Lokanir á Reykjanesbraut, farþegar fastir í flugvélum, asahláka, rok og háлка, er á meðal þess sem fjallað hefur verið um í fréttum undanfarið. Veðrið hefur verið vont og áhrif þess mikil.

Á sunnudaginn gekk vonskuveður yfir landið. Flugsamgöngur stöðvuðust með öllu og hundruð farþega sátu föst í flugvélum í Keflavík þar sem ekki var hægt að ferja þau inn í flugstöðina.

Bandarískur ferðamaður sem sat fastur inni í flugvél klukkutímum saman sagði í sjónvarpsfréttum frá sinni upplifun. Hann var þreyttur og svangur og örlítið pirraður en sagðist vera of gamall til þess að vera reiður. Annar benti á að veður líkt og varð um helgina ætti ekki að koma Íslendingum á óvart og slá okkur út af laginu, við erum jú á Íslandi.

Er það ekki akkúrat málið? Við erum of gömul til að láta veður og afleiðingar þess koma okkur á óvart. Við erum á Íslandi og vont veður, snjór, vindur og háлка ætti ekki að slá okkur út af laginu.

Á síðasta ári var slegið hvert metið á fætur öðru þegar kom að fjölda veðurvíðvarana. Í febrúar í fyrra gaf Veðurstofan út 137 víðvaranir vegna veðurs, aldrei hafa fleiri víðvaranir verið gefnar út í febrúar frá því að víðvörumerkerfið sem nú er notað var tekið upp fyrir fimm árum.

Síðasta sumar var annað met slegið þegar aldrei höfðu verið gefnar út fleiri veðurvíðvaranir að sumarlagi. Alls voru gefnar út 50 víðvaranir sumarið 2022, þar af 32 vegna vindhraða. Fimmtán víðvaranir voru gefnar út vegna mikillar rigningar og þrjár vegna snjókomu.

Þá var víðvarandi kuldatið á landinu frá 7. desember í fyrra til 19. janúar og er tímabilið það kaldasta frá árinu 1918. Veturinn það árið hefur verið kallaður frostaveturinn mikli, svo kaldur var hann.

Þetta á ekki bara við á Íslandi. Afleiðingar hlýnunar jarðar eru að verða sýnilegar. Það, sem við höldum að myndi einungis verða sýnilegt barnabörnum okkar eða barnabarnabörnum, sjáum við gerast.

Aukin úrkoma á sumum stöðum og þurrkar á öðrum, hækkun á hitastigi sums staðar og lækkun annars staðar og auknar líkur á ofsa-kenndu veðri. Allt eru þetta afleiðingar hlýnunar jarðar, afleiðingar sem við höldum mörg að við myndum ekki upplifa.

Því lengra sem líður þar til við tökum í taumana, því erfiðara verður að afstýra afleiðingunum. Því fleiri verða veðurvíðvaranirnar, því fleiri sitja fastir í flugvélum og því erfiðara verður að lifa mannsæmandi lífi á jörðinni. ■

Því lengra sem líður þar til við tökum í taumana, því erfiðara verður að afstýra afleiðingunum.

HALLDÓR



FRÁ DEGI TIL DAGS

ser@frettabladid.is

Hefði

Íslandsmótið í orðhengilshætti var haldið á sunnudag, eftir að strákarnir okkar luku leik á HM. Að þessu sinni var bæði keppt í viðtengingarhætti og lýsingarorðum, með og án atrennu – og sú nýlunda var í boði í ár að geta keppt í báðum flokkum samtímis. Þannig gátu þátttakendur lýst því í löngu og litríku máli hvernig hefði farið ef þessi og hinn leikmaðurinn hefði fengið að spila fyrir eða seinna, alls ekki eða oftar, í vinstra horni eða hægra, á línunni eða langt fyrir utan – og var áberandi á meðal fjölmargra keppenda að þeir sem blótuðu hvað hressilegast í upptalningunni komust oftast á pall.

Pirraður

Hafi einhver Frónverji verið í sæmilegu jafnvægi á þessum fyrsta sunnudegi í þorra, sem er ekki útilokað, hefur sá hinn sami væntanlega fundið lítið eitt til með landsliðspjálfaranum Guðmundi Þórði Guðmundssyni í leikslök. Lítið eitt hokinn og þrútin til augnanna reyndi hann að útskýra fyrir áhorfendum að enda þótt þeir hefðu upplifað heimsmeistaratitilinn á eigin skinni, fyrir mót, væri tilfinningin ekki alltaf sú sama, eftir mót. Keppnir af þessu tagi eru nefnilega spilaðar í raun-tíma, hvorki fyrir fram né eftir á, þótt það sé nú raunar ekki auðskilið í hita leiksins. ■

Stjórn eða stjórnleysi



Logi Einarsson
þingflokksfor-
maður Samfylk-
ingarinnar

Dómsmálaráðherra hefur sagt að stjórnleysi ríki í veigamiklum málum sem hann ber ábyrgð á, til að mynda útlendingamálum. Slíkar yfirlýsingar dómsmálaráðherra eru til þess eins fallnar að ala á ótta. Sá er einmitt áttundi ráðherra dómsmála á einum áratug og verður væntanlega skipt út núna í vor. Ekki er stöðugleikinn nú meiri en svo á þeim bænum.

En ríkir ef til vill stjórnleysi í öðrum mikilvægum málaflokkum? Bankasalan síðasta vor var stjórnlaus eins og komið hefur á daginn. Og hvað með heilbrigðismálin? Húsnæðismálin? Baráttuna við verðbólguna? Í öllum þessum málaflokkum skortir pólitíska stjórn og stefnu.

Breytt mynd

Orð ráðherrans um stjórnleysi eru lýsandi fyrir ástandið á ríkisstjórninni í heild, en hún hefur nú setið í fimm ár, var mynduð árið 2017 utan um það markmið að koma á pólitískum stöðugleika og stjórna sem fastast á stólunum. Það gekk vel í góðærinu og reyndar líka í glímunni við heimsfaraldurinn, þrátt fyrir alvarleg hagstjórnarmistök, en nú blasir við breytt mynd.

Við sjáum að ríkisstjórnin er orðin þreytt. Það sést best á máttlausum viðbrögðum hennar við stöðunni í heilbrigðiskerfinu, í húsnæðismálum og í baráttunni við verðbólguna. Þjóðin þarf breytingar, nú er kominn tími á sterka forystu sem hefur kjark til að hrista upp í hlutunum og það höfum við í Samfylkingunni.

Ónýtt frumvarp

Fyrsta málið á dagskrá Alþingis í gær var ónýtt og ómannúðlegt útlendingafrumvarp sem ríkisstjórnin reynir að ná í gegnum Alþingi eftir fjórar árangurslausar tilraunir. Nú hafa Vinstri græn ákveðið að leggja flöt og samþykka málið án fyrirvara. Það er dapurlegt að ríkisstjórnin sjái ekki þau tækifæri sem felast í því að hefja þverpólitíska og þverfaglega vinnu við endurskoðun útlendingalaga og stefnumótun í málefnum útlendinga. Frumvarpið leysir engan vanda við móttöku flóttafólks, eykur heldur á vandann með tillögum sem m.a. fela í sér auknið heimilisleysi, örbirgð og synjun á lífsnauðsynlegri heilbrigðisþjónustu. ■

FRÁBÆRT TILBOÐ


í vefversluninni: kver.is

kr. 2.999



Frí heimsending
á höfuðborgarsvæðinu!

Svíar voru með berserk, við bara hálfan



Ole Anton
Bieltvedt
samfélagsrýnir

Berserkir koma fyrir í mörgum Íslendingasögum. Í Eyrbyggjasögu segir af bræðrunum Halla og Leikni: „Þeir gengu berserksgang og voru þá eigi í mannlegu eðli er þeir voru reiðir og fóru galnir sem hundar og óttuðust hvorki eld né járn.“ (Hugvísindi).

Ynglingasaga er saga Uppsala-konunga og byrjar á Óðni. Í henni segir m.a. þetta: „Óðinn kunni svo gera að í orrustu urðu óvinir hans blindir eða daufir eða óttafullir, en vopn þeirra bitu eigi heldur en vendir, en hans menn (Óðins) fóru brynjlausir og voru galnir sem hundar eða vargar, bitu í skjöldu sína, voru sterkir sem birnir eða griðungar. Þeir drápu mannfólkið, en hvorki eldur né járn orti á þá. Þetta er kallaður berserksgangur.“ (ÍF 1941, Hermann Pálsson 1994).

Þessi upprifjun um berserki er sett á blað eftir tapleik Íslands gegn Svíþjóð, 30:35, en líkur má leiða að því, að markvörður Svía, Andreas Palicka, hálfur Tékki, hálfur Svii, hafi í leiknum gengið berserksgang, og, að Svíar hafi unnið leikinn mikið út á berserksgang Palicka.

Á nútíma máli, mætti kannske tala um berserksgang sem eitradan baráttu- og sigurvilja. Andlega ofur-

getu og sálarlega grimmd, ekki endilega líkamlega, þó að hún kunni oftast að fylgja með.

Vert er líka, að veita þeirri frásögn Ynglingasögu athygli, að Óðinn hafi kunnað „svo að gera að í orrustu urðu óvinir hans blindir eða daufir eða óttafullir“, líka með Svíaleikinn í huga. M.ö.o. kunna berserkir að hafa hálf lamað andstæðinga sína með berserksgangi sínum.

Í íþróttum og kappleikjum eru góðir meðfæddir eiginleikar, hæfileikar, og mikil og góð kennsla, líkamleg þjálfun, ásamt með mestri mögulegri keppnisreynslu, fyrsta forsendan fyrir góðum árangri. Okkar landsliðsmenn eru allir í háum flokki, flóttir og fínir, hvað þetta varðar.

En til að verða afreksmenn og sigurveggar á stórum alþjóðamótum, komast á toppinn, þarf meira til. Þeir þurfa að vera minnst hálfberserkir.

Í íslenska liðinu fannst mér varla nema einn sýna það stig baráttubreks og eitradis sigurvilja, Gísli Þorgeir. Bjarki Már var sennilega á svipuðum stað. Aðrir voru auðvitað baráttuglaðir og fullir sigurvilja, en náðu, að mér fannst, ekki berserksgangsstiginu. Sumir brostu jafnvel við mistök og ófarir. Þar var djúpt á eitrunu. Berserkir hefðu grenjað sem galnir hundar og bitið í skjaldarrendur.

Um áráraðir hefur undirritaður fylgt með handbolta og átökum íslenska landsliðsins við önnur lið. Oft hafa okkar menn búið yfir leik-



tækni, getu og líkamlegum þrótti til jafns við andstæðingana, en hafa samt tapað. Oft, þegar leikir hafa verið langt komnir. Eins og við Ungverja nú. Þar æstu Ungverjar upp í sér berserkinn, meðan okkar menn virtust verða „blindir eða daufir eða óttafullir“. Því fór sem fór.

Sama sagan hefur endurtekið sig oft í gegnum tíðina, og á hún líka við um Svíþjóðarleikinn. Berserkir eða hálfberserkir leikmenn hefðu skotið 11 sinnum í mark úr dauðafærum, skorað, í stað þess að skjóta í markmann, eða þar sem hann náði til.

Kannske dáleiddi sannur berserksgangur Palicka íslenska sóknarmenn. Kannske fengu þeir þá flugu í höfuðið, að þeir ættu að skjóta í hann, ekki fram hjá honum.

Eða, kannske, urðu þeir „blindir eða daufir eða óttafullir“.

Líkamleg geta í íþróttum ein sér dugar ekki til að komast á toppinn. Það er ekki nóg, að kenna og þjálfá líkamlegt atgervi og hæfni, andlegur styrkur, sjálföruggi, baráttubrek, baneitraður sigurvilji – andlega og sálarlega hliðin - verða að fylgja.

Auðvitað eru okkar landsliðsmenn atvinnumenn erlendis og njóta kennslu, tilsagnar og þjálfunar til að berjast og sigra fyrir sín lið þar. Þar eru þeir, í sínu daglega umhverfi, með sínum langtíma samherjum og vinum, betri og öruggari. Þessi geta og þetta öryggi fylgir ekki endilega í landsliðið. Þar ver og styrkir náinn samherjahópur ekki lengur.

Hafa HSÍ og landsliðsþjálfarar



Oft hafa okkar menn búið yfir leiktækni, getu og líkamlegum þrótti til jafns við andstæðingana, en hafa samt tapað. Oft, þegar leikir hafa verið langt komnir.

tekið þetta nógu vel með í reikninginn? Eru þar óflugir sálfræðingar og andlegir leiðbeinendur með í för?

Óhóflegar væntingar, sjálfra sín eða annarra, geta líka lagzt eins og farg á menn og rænt þá krafti í stað þess að veita.

Alfred Gíslason og hans menn í Þýzkalandi höfðu það skýra og yfirlýsta markmið fyrir mótið, að komast í 8-liða úrslit. Þeir náðu því örugglega. Unnu alla sína 5 leiki. Fyrir mótið virtist styrkur Íslands og Þýskalands vera á svipuðu róli.

Íslendingar ætluðu sér frá byrjun að verða heimsmeistarar, alla vega að komast á verðlaunapall. Þeir virðast hafa gleymt því, að Norðmenn, Danir, Svíar, Þjóðverjar, Frakkland, Spánn og Egyptaland eru með í mótinu.

Svona óraunsæi og yfirkeyrsla í sjálfsmati og stefnumörkun kann ekki góðri lukku að stýra. Hvorki í handbolta né öðru. ■



25%



Brookliyn borðstofuborð
220x98, stækkun 2x50 cm, reykt eik – hvítuð eik
Áður 199.000 **NÚ 149.000**

10-60%
afsláttur



Starn 3ja sæta
Áður 159.000 **NÚ 119.000**



Obling 3ja sæta
Áður 129.000 **NÚ 103.000**



Hill hvíldarstóll með tauáklæði
Áður 176.000 **NÚ 123.000**



Adele
Áður 39.900
NÚ 23.900



Sierra
nokkrir litir
Áður 25.700
NÚ 19.200



Kato svart
Áður 29.900
NÚ 19.400



Alison
snúningss
Áður 33.900
NÚ 27.000



Ciro 3 litir
Áður 39.900
NÚ 29.900



Nottingham sófaborð
Áður 116.000 **NÚ 58.000**

NYFORM

H Ú S G A G N A V E R S L U N

Hegðunarvandi barna, snemmtæk íhlutun



Arndís Þorsteinsdóttir sérfræðingur í klínískri sálfræði og starfsmaður hjá Reykjavíkurborg

Tiðrætt hefur verið um hegðunarvanda barna og ákall um samfélagslega ábyrgð til að sporna gegn vandanum. Snemmtækur stuðningur borgar sig ávallt, því rannsóknir sýna m.a. auknar líkur þess að barnið leiðist út í afbrot og notkun áfengis og vímuefna á unglingsárum ef ekki er brugðist við vandanum snemma á lífsleiðinni. Í nýjum lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna er einmitt kveðið á um að brugðist skuli við með skilvirkum hætti um leið og þörf krefur, sem á við um foreldra/forráðamenn, skóla og aðra sem koma að uppeldi barna.

Árið 2015 hóf velferðarsvið Reykjavíkurborgar markvissa innleiðingu PMTO foreldrafærni sem miðar að því að efla foreldra barna á aldrinum 4-12 ára sem glíma við hegðunarvanda. Aðferðin, sem er gagnreynd, er byggð á sterkum rannsóknargrunni og þróuð af Gerald Patterson og Marion Forgatch og samstarfsfólki við OSLC í Oregon í Bandaríkjunum. Rannsóknarniðurstöður héraðs og erlendis sýna að aðferðin dregur verulega úr hegðunarvanda barnanna og félagsfærni og námsárangur eykst. Líðan og samskiptamynstur innan fjölskyldunnar styrkst auk fleiri þátta sem sýna bættu aðlögun og velgengni hjá barninu. Í PMTO ríkir sú sýn að foreldrar séu mikilvægustu kennarar barna sinna. Aðferðin er aðlöguð að íslenskum aðstæðum og þjónustan veitt af meðferðaraðilum borgarinnar af mikilli alúð og fagmennsku. Úrræðið er þrepaskipt allt eftir eðli og umfangi vandans. Boðið er upp á einstaklingsmeðferð sem fer fram á heimili fjölskyldunnar



PMTO er í boði í öllum borgarhlutum og hjá Barnavernd Reykjavíkur.

ar eða skrifstofu. Auk þess er veitt 12-14 vikna hópmeðferð þar sem unnið er með foreldrum í hópum. Sé vandinn vægur eða hætta á að barn þrói með sér hegðunarvanda er í boði átta vikna hópnaámskeið. Í öllum tilvikum fá foreldrar heimavinnu milli tímanna þar sem þeir æfa stöðjandi uppeldisaðferðir í gegnum PMTO verkfærin;

fyrirmæli, hvatningu, mörk, lausvanda, tengsl heimilis og skóla og eftirlit. Auk þess er unnið með leiðir til að efla tilfinningastjórn, virk samskipti og jákvæða samveru og afskipti af barninu. Foreldrar fá símtöl milli funda sem veita stuðning.

PMTO er í boði í öllum borgarhlutum og hjá Barnavernd Reykjavíkur. Við þjónustulok fylla foreldrar út viðhorfsmat þar sem einnig er boðið upp á opinn svarmöguleika. Þar eru svör foreldra m.a. eftirfarandi: „Barnið fylgir betur fyrirmælum“, „ég næ nánari og dýpri tengslum við hana“, „rólegra heimilislíf“, „betri samskipti“, „fjölskyldufundur virkar vel“, „barnið nær sér fljótar niður úr reiðiköstum þegar mörk eru sett“, „börnunum líður betur og ég hef betri tilfinningastjórn“, „barnið virðist öruggara“, „hann sýnir meiri hjálpsæmi“, „kemur núna heim á réttum tíma“,

„heimanám gengur mun betur“, „eigum fleiri og betri samverustundir sem skapa minningar“, „morgnar og kvöld ganga miklu betur“, „færri árekstrar“, „aukin samvinna og hamingja“, „frábærir kennarar sem sýna skilning“, „allir foreldrar þyrftu að kynna þessum verkfærum“.

Frá 2015 hefur Reykjavíkurborg veitt foreldrum 320 barna einstaklingsmeðferð og foreldrum 328 barna hópmeðferð. Að auki hafa foreldrar 747 barna sótt foreldra námskeið. Þetta hefur stuðlað að bættum lífsgæðum fjölskyldanna, sem er það mikilvægasta. Að auki sparast almannafé til framtíðar með inngripi sem þessu, en fyrir um áratug gerðu dönsk félagsmálayfirvöld úttekt á fjárhagslegum ávinningi yfir lífshlaup barns ef PMTO einstaklings- eða hópmeðferð er veitt fyrir 12 ára aldur. Með því að núvirða þær tölur í íslenskum krónum má sjá að nettó fjárhagslegur ávinningur þess að veita foreldrum eins barns einstaklingsmeðferð er um 6,4 milljónir íslenskra króna og nettó ávinningur sérhvers barns sem fær hópmeðferð er um 5,8 milljónir króna. Sparnaður er því um 3,3 milljarðar króna á þessum árum, sem yrði væntanlega enn hærri ef ávinningur þess að sækja foreldra námskeið vegna vægs vanda hjá yngstu börnunum yrði tekinn með í reikningsdæmið. Snemmtæk í hlutun borgar sig því svo sannarlega. Keðjan sem er þjónusta fyrir börn og fjölskyldur hjá Reykjavíkurborg heldur utan um úrræðið. Frekari upplýsingar má finna á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is. ■

Steinsofandi á mannréttindavaktinni



Halldór Auður Svansson varapingmaður Pírata

„Öflug mannréttindavakt Vinstri grænna“ er titill greinar eftir Jódísi Skúladóttur, þingkonu Vinstri grænna, sem birtist í Fréttablaðinu þann 13. janúar síðastliðinn. Þar segir Jódís frá því hvernig VG hefur flutt mannréttindamálin úr dómsmálaráðuneytinu og inn í forsætisráðuneytið – og að nú sé unnið að stofnun sjálfstæðrar mannréttindastofnunar.

Þegar þetta er athugað í abstrakt tómarúmi er ekkert út á þetta að setja, og það er sjálfsagt að við fögnum hverju framfaraskrefi sem stigið er. Greinin verður aftur á móti þínu ankanaleg þegar við setjum hana í samhengi við það sem er í rauninni að eiga sér stað á meðan „öflugri mannréttindavakt“ Vinstri grænna á vera að standa yfir – því það er eins og að í mörgum málaflökkum sé þingflokkurinn allur steinsofandi á vaktinni.

Nú er alræmt útlendingafrumvarp dómsmálaráðherra nefnilega á leiðinni í aðra umræðu. Óhætt er að fullyrða að það sé alls ekki unnið á nokkurs konar mannréttindavakt. Þvert á móti hafa aðilar á borð við Mannréttindaskrifstofu Íslands, Mannréttindastofnun Háskóla Íslands, Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar, Íslandsdeild Amnesty International, Kvenréttindafélag Íslands, Landssamtökin Þroskahjálpi, UNI-

CEF, Barnaheill og Rauði krossinn á Íslandi skilað inn neikvæðum umsögnum um frumvarpið þar sem varað er við mögulegum mannréttindabrotum í frumvarpinu.

Mjög sennilega myndi sjálfstæð mannréttindastofnun, ef hún væri til staðar, taka svipaða afstöðu til frumvarpsins. Þingmenn yrðu samt sem áður að taka afstöðu til málsins. Þeirri vakt verður ekki útvistað til mannréttindastofnunar. Að rekja og rökræða þær réttmætu áhyggjur sem vakna við möguleg mannréttindabrot, yrði frumvarpið að lögum, er verkefni sem á betur heima inni á Alþingi en hér – en í stuttu máli þá lúta áhyggjurnar flestar að því að frumvarpið snúist að mestu leyti um að svipta fólk réttindum sem það hefur nú.

Þar sem frumvarpið er þetta langt komið, afgreitt úr nefnd og tilbúið til annarrar umræðu, verður ekki hjá því komist að hvetja alla þingmenn til dáða – og sérstaklega þá sem berja sér á brjóst fyrir að standa mannréttindavaktina. Telji þingmenn að frumvarpið samrýmist sinni sýn á mannréttindi er eðlilegt að gera kröfu til þess að þeir standi fyrir því máli sínu og verji afstöðu sína með röksemdum í umræðu á þingi.

Telji þingmenn hins vegar að frumvarpið samrýmist ekki sinni sýn á mannréttindi væntir þingflokkur Pírata þess að njóta stuðnings þeirra við að draga fram ágalla þess – sem og við ákall um að farin sé önnur leið við að breyta útlendingalögum sem byggist á meira samráði og sátt, en fyrst og fremst á meiri virðingu fyrir mannréttindunum sem þjóðkjörnum þingmönnum ber að vakta vel. ■

Fáðu þér íbúfen ef þú skuldar pening



Sigmar Guðmundsson, þingmaður Viðreisnar

Það er ljóst að landsmenn klóra sér nokkuð í kollinum með áhyggju-svip þegar farið er yfir kvittunina úr matvörukaupum þessa dagana. Það er nánast sama hvaða vörur eru keyptar, allt hefur hækkað og sumt umtalsvert. Það er dýrara að versla í matinn, dýrara að keyra og heilt yfir kostar miklu meira að vera til í dag en fyrir fáeinum mánuðum. Sumt af þessu er óumflýjanlegt vegna þess að klikkaður einræðisherra í einu stærsta ríki heims ákvað að ráðast inn í annað ríki með tilheyrandi bresti og óvissu í heimsmarkaðsbúskapnum. Ýmislegt annað sem fyrirsjáanlega fylgir þessum verðhækkunum ætti að kalla á hávæveri umræður í samfélaginu.

Það er auðvitað einstaklega blóðugt fyrir fjölskyldur og einstaklinga, sem velja því fyrir sér hvernig bregðast eigi við verðhækkunum, að skoða stöðuna á húsnæðislanunum um hver mánaðamót. Verðtryggðu lánin hækka skarpt þrátt fyrir afborganir. Óverðtryggð lán með breytilegum vöxtum hafa hækkað um 100 til 150 þúsund á mánuði. Og þúsundir heimila biða þess með ótta að tímabil hinna föstu vaxta á húsnæðislanunum renni út á þessu og næsta ári með tilheyrandi vaxtarhöggi sem gerbyltir heimilislóshaldinu til hins verra. Mörg þessara heimila trúðu fagurgala og kosningalofordum stærsta flokks landsins um að runnið væri upp á Íslandi sérstakt lágvaxtaskeið. Að runninn væri upp einhver hliðarveruleiki krónuhagkerfisins þar sem óhætt væri að skuldsetja sig í trausti þess að vextir yrðu lágir um langa framtíð. En auðvitað er reyndin sú að heims-hagkerfið þurfti að stöðvast vegna heimsfaraldurs til að vextir lækkuðu hér að ráði. Lágvaxtaskeiðið, „lægstu vextir í sögunni“, eins og það hét á flettiskiltum XD stóð yfir



Mörg þessara heimila trúðu fagurgala og kosningalofordum stærsta flokks landsins um að runnið væri upp á Íslandi sérstakt lágvaxtaskeið.

í heila fimm mánuði. Það er um það bil jafn langt og meðgöngutími sauðfjár, svona til að setja það í samhengi.

Verðbólgan núna er ekki séríslenskt fyrirbrigði, þetta er veruleikinn víða um lönd. Hún er meira að segja ögn lægri, aldrei þessu vant, en í sumum nágrannalöndunum. En vextirnir eru að sjálfsögðu margfalt hærri hér. Þetta er harður íslenskur veruleiki, jafn óumflýjanlegur og harðneskjulegur veturinn.

Þessu íslenska samspili krónunnar, vaxta og verðbólgu fylgja svo óhjákvæmilega ýmis bjargráð eins og verðtrygging og óverðtryggðir fastir vextir, sem vissulega lina þjáningarnar, en draga um leið tennurnar úr vaxtahækkunum sem ætlað er að slá á verðbólgunna. Fresta verkjunum. Eins og íbúfen gerir.

Hagstjórnin á Íslandi gengur nákvæmlega út á þetta. Að gefa þjóðinni íbúfen gegn viðvarandi, krónískum vaxtabólgu sem hrjáir þjóðarlíkamann og hefur gert í áratugi. Ekkert er gert til að ráðast að rót vandans sem er íslenska örmyntin. Þess í stað er fólk talin trú um að þessar svæsnu krónubólgu séu eftirsóknarverðar eiginleiki og til marks um sveigjanlegan efnahag. En er það boðlegur málflutningur þegar verkjalaustu tímabilin eru ekki lengri en meðgöngutími húsdýranna okkar? ■



FORLAGIÐ

Alltaf opið á www.forlagid.is

KYNNINGARBLAÐ

ÞRIÐJUDAGUR 24. janúar 2023



F.v. eru Karin Torbjörnsdóttir, Hrafnhildur Björnsdóttir og Martyn Parkes.

Ætla að lífga upp á dimman janúar

starri@frettabladid.is

Fyrstu tónleikar ársins í hádegis-tónleikaröðinni Kúnstþásu verða í hádeginu í dag, þriðjudag, í Hörpu. Í þessari tónleikaröð koma fram margir af þekktustu söngvurum þjóðarinnar, ásamt yngri söngvurum sem eru að kynna sig til leiks á óperusviðinu.

Í dag eru það söngkonurnar og frænkurnar Hrafnhildur Björnsdóttir og Karin Torbjörnsdóttir, ásamt píanóleikaranum Martyn Parkes, sem munu flytja nokkra þekktu dúetta auk þess sem nokkrar ariur fá að fylgja með, segir Hrafnhildur. „Tónleikarnir bera heitið Dúett dagsins og við munum bjóða upp á fjölbreytta og skemmtilega dagskrá þar sem meðal annars má heyra verk eftir Monteverdi, Mozart, Handel og Donizetti.“

Æfingar gengið vel

Hrafnhildur býr á Englandi en Karin býr í Tékklandi. „Ég ákvað því að heimsækja Manchester þar sem þau búa svo við gætum æft saman en æfingar hafa gengið mjög vel,“ segir Karin. „Markmið okkar er að kynna klassiska tónlist fyrir fólki og vonandi náum við aðeins að lífga upp á janúarmánudönn. Meðal klassískra dúetta verða verk sem gestir þekkja úr kvikmyndum og auglýsingum.“

Tónleikarnir verða haldnir í Norðurljósasal Hörpu og aðgangur er ókeypis. Nánar á harpa.is ■



Mynd: fb rúa r.

MYND/LET

Alla daga gegn kulda og sól

Apótek, Hagkaup og Fjarðarkaup
www.celsus.is

Elska þú að spila golf

Guðrún Brá Björgvinsdóttir, atvinnukylfingur úr Keili, er byrjuð að undirbúa sig fyrir komandi tímabil en eftir að hafa haft fullan keppnisrétt á LET-Evrópumótaröðinni frá árinu 2020 verður hún með takmarkaðan keppnisrétt í ár. **2**



Guðmundur Hilmarsson
gummi
@frettabladid.is

Guðrúnu tókst ekki að tryggja sér fullan keppnisrétt eftir að hún hafnaði í 42. sæti á lokaúrtökumótinu sem fram fór á La Manga á Spáni í síðasta mánuði. Hún hefur þurft að enda á meðal 20 efstu á mótinu til að halda keppnisrétti sínum en þar sem henni tókst það ekki verður hún með keppnisrétt í styrkleikaflokki 16 á LET-Evrópumótaröðinni ár. Hún kemur til með að taka þátt í mörgum mótum á mótaröðinni en ekki eins mörgum og þeir kylfingar sem náðu að enda í 20 efstu sætum. Guðrún varð fjórða íslenska konan til að komast inn í LET-mótaröðina á eftir Ólöfu Mariu Jónsdóttur, Ólafíu Þórunni Kristinsdóttur og Valdísi Þóru Jónsdóttur.

Guðrún tók þátt í 16 mótum á LET-mótaröðinni á síðasta ári. Besti árangur hennar var 27. sæti á móti í Ástralíu og 10. sæti í liðakeppni sem fram fór í Taílandi.

Fréttablaðið sló á þráðinn til Guðrúnar þar sem hún var stöð á Spáni að undirbúa heimferð en Guðrún var þar ásamt öðrum atvinnukylfingum frá Íslandi og landsliðshópi Gólf sambands Íslands við æfingar á Hacienda Del Alamo golfsvæðinu á Spáni.

Var svolítið upp og niður

„Í hreinskilni sagt þá segi ég nei,“ segir Guðrún þegar hún er spurð hvort hún sé ánægð með árangur sinn á síðasta tímabili. „Þetta var svolítið mikið upp og niður hjá mér. Það var margt gott sem ég gerði en annað sem var lélegt á móti. Það má því segja að þetta hafi verið sveiflukennt ár hjá mér,“ segir Guðrún, sem hefur í þriggja hampað Íslandsmeistarátitlinum í högggleik, 2018, 2019 og 2020.

Guðrún segir að hún hafi ætlað sér meira á tímabilinu en raun bar vitni. „Ég neita því ekki að ég ætlaði mér meira. Ég átti ágætu gengi að fagna til að byrja með en ég datt svo aðeins niður. En ég var ánægð með hvernig ég endaði tímabilið á lokamótinu sem gefur mér ágætis rétt fyrir þetta ár. Ég verð að sjá til hvernig þetta tímabil þróast og hvernig þetta kemur til með að spila fyrir mig. Það yrði frábært að ná að vinna sig upp listann með góðri frammistöðu í fyrstu mótum ársins og eiga þannig möguleika á að keppa á fleiri stærri mótum. Ég mun mæta tvífeld til leiks,“ segir Guðrún.

Þegar vel gengur opnast tækifæri

Guðrún stoppar stutt við á Íslandi en hún heldur utan í lok mánaðarins og tekur þátt í fyrsta móti í mótaröðinni í Kenía 2. til 5. febrúar. Um markmið hennar á þessu ári segir Guðrún:

„Já, já, ég er alveg búin að setja mér markmið en þetta er svolítið



Guðrún Brá segist hafa ætlað sér meira á síðasta tímabili en raun bar vitni. Hún segir að árið í fyrra hafi verið sveiflukennt hjá sér.



Guðrún ásamt föður sínum Björgvini Sigurbergssyni sem er margfaldur Íslandsmeistari í golfi.

MYNDIR/LET

erfitt vegna óvissunnar um það hvaða mótum ég fæ að taka þátt í. Markmið mitt til að byrja með er að nýta vel þau tækifæri sem ég fæ án þess að setja einhverja pressu á mig sjálfa. Þegar vel gengur opnast alltaf einhver önnur tækifæri í hverju sem þú gerir.“

Nú ert þú búin að vera atvinnukylfingur frá árinu 2018. Hefur þetta verið erfitt?

„Þetta er heilt yfir náttúrulega algjört hark og stundum furðar maður sig á því hvað maður er að gera. Það góða sem stendur klárlega upp úr er að þetta er ótrúlega gaman. Ég elska það að spila golf og fá að gera það nánast á hverjum degi á hreint ótrúlegum stöðum með skemmtilegu fólki er algjör draumur,“ segir Guðrún.

Spurð hvernig henni gangi að ná endum saman fjárhagslega segir hún: „Ég er með alveg frábært bakland og það er fullt af fólki sem sýnir mér stuðning. Það er alltaf erfitt að fá pening og persónulega finnst mér erfitt að spyrja fólk um pening. Minn stærsti styrktaraðili er Forskot sem er afrekssjóður Gólf sambands Íslands. Án hans væri ég ekki á þeim stað sem ég er í dag og gæti í raun ekki verið að gera það sem ég er að gera. Ég er mjög þakklát fólkinu sem er að styrkja mig,“ segir Guðrún.

Getur þú einbeitt þér alfarið að golfinu eða þarft þú að vinna með því?

„Þegar ég er heima á Íslandi þá tek ég vaktir inni á milli í versluninni Kúnígúnd í Kringlunni og vinn þar í jólavertíðinni. Mér finnst frábært að gera allt annað en að spila og æfa golf og gott að geta fengið smá pening í vasann.“

Guðrún lauk stúdentsprófi við



Guðrún að undirbúa sig undir að púttu á móti í Svíþjóð.



Guðrún var útnefnd íþróttakona Hafnarfjarðar og hér er hún á verðlaunahátíðinni ásamt Rósu Guðbjartsdóttur bæjarstjóra og Antoni Sveini McKee, sem var valinn íþróttakarlfari Hafnarfjarðar.

MYND/HAFNARFJARÐARÞEY

Flensborgarskólann í Hafnarfirði og eftir það fór hún Bandaríkjana og kláraði BS í hreyfifræði. „Þetta tengist mikið íþróttum og er svona í áttina að sjúkrapjálfun. Ég hafði mjög gaman af þessu námi og ég get alveg séð það fyrir mér einhvern daginn að halda áfram á þessu sviði. Það hefur líka hjálpað mér sem íþróttamanni að læra þetta.“

Þabinn ekki lengur að þjálfu

Guðrún byrjaði snemma að munda golfkylfurnar en frá tíu ára aldri hefur hún stundað golf-íþróttina. Faðir hennar, Björgvin Sigurbergsson, hefur verið hennar helsti þjálfari í gegnum tíðina. Björgvin var um árabil einn fremsti kylfingur landsins og varð fjórum sinnum Íslandsmeistari og hefur í fjölda ára sinnt golfkennslu.

„Þabbi hefur verið minn aðal-leiðbeinandi frá því ég var litil.

Hann hætti í golfþjálfun fyrir um þremur árum síðan en hann hélt áfram að vinna með mér. Í haust varð hins vegar breyting á og núna er ég að vinna með Nökkva Gunnarssyni.

Mér fannst kominn tími á breytingu og fyrst þabbi var búinn að draga sig út úr golfumhverfinu þá fannst mér ég þurfa að breyta til. Hann verður hins vegar alltaf til staðar fyrir mig en þjálfari minn í dag er Nökkvi.“

Guðrún var í síðasta mánuði krýnd íþróttakona Hafnarfjarðar og hreppti þann titil þriðja árið í röð.

„Það var mikill heiður og gott „pepp“ inn í nýja árið fyrir mig að hljóta þessa viðurkenningu. Ég vann í tvígang þessi verðlaun í Covid. Þá var ekki hægt að halda verðlaunahátíð en það tókst núna og það var mjög skemmtilegt að taka á móti verðlauninum í hátíðarstemningu.“ ■



Léttari liðir

Undraefni fyrir liði brjósk og bein

Einstök virkni **sæbjúnaextrakts** úr íslensku hafi

partur af lífinu

PROTIS

liðir

VERNDAR LIÐI, BEIN OG BRJÓSK

120 hylki

Íslenskt tækisvæðing

NORDIC NUTRITION

PROTIS

Fæst í helstu matvöruverslunum, apótekum og á www.protis.is

Allt er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundin ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgafandi: Torg ehf. Ábyrgðarmaður: Jón Þórisson

Sölumenn: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

Umsjónarmenn efnis: Elin Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | Guðmundur Hilmarsson, gummi@frettabladid.is, s. 550 5766 | Sandra Guðrún Guðmundsdóttir, sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | Starri Freyr Jónsson, starri@frettabladid.is, s. 550 5767 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordis@frettabladid.is, s. 550 5768

Öflugur & náttúrulegur flensubani

Mundu eftir þér á hverjum degi!

Inniheldur hreint engifer & c-vítamín

Kröftug blanda sem kemur þér í gegnum veturinn með bros á vör



ICEHERBS
NATURAL SUPPLEMENTS

Fæst í næsta apóteki, heilsuvöruverslun og öllum helstu stórvörumörkuðum.

Þjónusta

Málarar

MÁLARAR

Tökum að okkur alla almenna málningavinnu, við erum fagljærðir með mikla reynslu og sanggjarnir í verðum.
s. 782 4540 loggil.durmalari@gmail.com

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafli., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Miklaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsviðhald

FLÍSLAGNIR - MÚRVERK
- FLOTUN - SANDSPARSL -
MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Nudd

NUDD NUDD NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Spádómar

SPÁMIÐILL ER BYRJUÐ AFTUR

• SPÁÍ Í SPIL OG KRISTALSKÚLU
MEÐ HJÁLP AÐ HANDAN
• HEILUN

ÞÓRA FRÁ BREKKUKOTI
S. 5574391



**GEFÐU
VATN**
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf
kirkjunnar

Keypt & Selt

Til sölu

Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is



**Kassagítarar
á tilboði**

Gítarar og
hljómborð
í miklu úrvali

Verð við allra hæfi



Gæða ungnautakjöt beint frá býli.
Minnst 1/8 úr skrokk. Hak, gúllas,
snitsel og steikur. www.myranaut.is
s. 868 7204

Heilsa

Heilsuvörur



Húsnæði

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög göðum
verðum. Frá 2-17 m². S: 564-6500

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464

Geymslur af öllum stærðum. Allt að
20% afsláttur. www.geymslur.is



Fasteignaleitin

Ný og öflug fasteignaleit

Finndu réttu eignina fyrir þig á frettabladid.is



Öflugur fasteignaleitarvefur með einföldu og notendavænu viðmóti sem býður upp á ítarlegar upplýsingar um fasteignir, þróun verðlags og fróðleik um fasteignamarkaðinn.

frettabladid.is

VIFTAN SKYNNJAR SKÍTALYKT

**TILBOÐ:
32.401 KR.
VAR 38.119 KR.**



VIFTUBÚÐIN
WWW.VIFTUR.IS

 **Íshúsið**

S: 566 6000 • Smiðjuvegur 4a, græn gata, 200 Kópavogur

Hljóðsettu lífið upp á nýtt



Beltone Imagine™ – *hágæða heyrnartæki*

Hljóðheimurinn er stór hluti lífs okkar. Við hjálpum þér að njóta hans með hágæða heyrnartækjum sem bæta lífsgæði þín til muna. Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánuð til reynslu. Það gæti verið farmiðinn þinn inn í ævintýraheim hljóðsins.

Kringlunni • sími 568 7777 • heyra.is

HEYRNARSTÖÐIN





Væntingarnar voru miklar til liðsins í aðdraganda mótsins en slæmir kaflar urðu liðinu að falli. Tapið gegn Ungverjum í annarri umferð riðlakeppinnar reyndist banabittinn Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Tölfræðin sýni að vörnin var ekki nægilega góð

34,5

Ísland skoraði 34,5 mörk að meðaltali í leikjum sínum á þessu móti.

Íslenska liðið náði ekki að standa undir væntingum á HM í handbolta og féll úr leik í milliriðlunum. Tap gegn Ungverjum í öðrum leik mótsins reyndist örlaga-valdurinn þetta árið.

kristinnpall@frettabladid.is

HANDBOLTI „Það var alveg vitað að við gætum skorað mörk en vonbrigðin í þessu er varnarleikurinn, hvað hann hefur oft verið slakur þótt það hafi komið góð augnablik,“ segir Halldór Jóhann Sigfússon, aðstoðarþjálfari Tvis Holstebro, aðspurður hvernig spilamennska Íslands á Heimsmeistaramótinu í handbolta horfir við honum, sólarhring eftir að það varð ljóst að Ísland væri úr leik.

„Ég held að það séu allir ótrúlega svekktir með þessa niðurstöðu og að það sé hægt að kalla þetta vonbrigði. Þótt þetta séu framfarir frá síðasta móti, þá var HM 2021 algjört afhroð. Við erum með gott lið og það hafa sjaldan verið jafn margir íslenskir leikmenn að spila í stórum hlutverkum í stórum klúbbum í Evrópu. Það voru leikmenn utan hóps sem eru að spila í háum gæðaflokki.“

Í fljótu bragði er augljóst hvað varð Íslandi að falli. Varnarleikur Íslands brást á ögurstundu en Halldóri fannst hann sjá glefsur af góðum varnarleik en það hafi liðið of langur tími á milli.

„Guðmundur er frábær þjálfari og liðið vel undirbúið en það er eitthvað sem fer úrskeiðis þarna. Við vorum hrikalega slakir varnarlega 7 gegn 6 þar sem okkur tókst ekki að standa það af okkur, sérstaklega gegn Grænhöfðaeyjum. Við erum að fá á okkur 102 mörk í þremur leikjum í

milliriðlinum sem segir ofboðslega margt,“ segir Halldór spurður út í varnarleikinn og heldur áfram:

„Liðið var að hlaupa ótrúlega mikið. Ég persónulega hefði látið okkur bregðast við og fara í öðru vísi vörn og hef áður sagt það, en þjálfarar vilja halda í stöðugleika og Guðmundur hefur haldið í 6–0 vörnina sem hefur stundum skilað frábærum varnarleik. Tölfræðin sýnir hins vegar að vörnin var ekki nægilega góð á mótinu og það á eftir að finna útskýringar á því. Mér fannst vörnin standa best gegn Portúgal en svo voru þetta tíu mínútur hér og korter þar í mismunandi leikjum sem hún stóð sig vel.“

Þrátt fyrir að tveir afburðarásam sóknarleiksins hafi meidd á mótinu

tókst Íslandi að skora að meðaltali 34,5 mörk í leik. „Tölfræðin sýnir að Gísli er meðal bestu sóknarmanna mótsins. Það voru auðvitað vonbrigði að horfa á eftir Ómari í meiðsli og Aroni. Eftir á hugsar maður hvað þeir spiluðu mikið í byrjun, en á sama tíma er auðvelt fyrir þjálfara að spila leikmönnum áfram þegar vel gengur og Ómar er vanur þessu álagi,“ segir Halldór sem hefði viljað sjá hófsamlegri notkun á Aroni í upphafi móts.

„Aron er ekki vanur að spila svona margar mínútur lengur. Hann spilar þessa dagana um 30 mínútur í leik með Álaborg og hefur ekki klárað stórmót í nokkur ár. Fyrir vikið velti ég fyrir mér álagsstjórnun þar sem við erum með stóran hóp og nokkra leikmenn sem geta komið inn,“ segir Halldór sem hrósar Gísla Þorgeiri.

„Það var ótrúlega mikið álag á Gísla á þessu móti og hann var hreint út sagt stórkostlegur. Hann skilaði sínum mörkum, fiskaði fjölmörg víti, gaf fullt af stoðsendingum og dregur liðið áfram.“

Halldór segist hafa orðið var við umræðu um hvort Guðmundur sé kominn á endastöð með liðið.

„Maður veit ekki hvað gerist í framhaldinu. Við gerum miklar kröfur sem handboltaþjóð og leikmennirnir líka. Guðmundur er einn færasti þjálfari Evrópu og með frábært teymi, en það er annarra að meta hvort tími hans sé liðinn,“ segir Halldór en það kom honum á óvart að sjá Guðmundur skipta sér af umfjöllun um liðið.

„Það vantar auðvitað ekki sérfræðingana á samskiptamiðlum og það eru margir sem fara fram úr sér í blaðri og rugli. Guðmundur var fljótur að fara í að þæla í þessu, hann hefur verið að verja sig og sitt starf síðustu ár. Ef Alfred væri að þæla í þessum málum, hvað hinn almenni sérfræðingur í sjónvarpi væri að segja, væri hann líklegast búinn að tapa baráttunni.“ ■

14

Af sextán útileikmönnum Íslands á mótinu komust fjórtán á blað. Aðeins Ólafur Andrés og Ýmir náðu ekki að skora.

21,8

Bjarki Már skoraði rúmlega fimmtung marka Íslands á mótinu og var með helmingi fleiri mörk en næsti maður.

8


Ísland fékk á sig að meðtali 34 mörk í leik í milliriðlinum en 26 í riðlakeppinni.

2

Ísland skoraði tvisvar 40 mörk eða fleiri á mótinu. Fram að því hafði Ísland fjórum sinnum skorað 40 mörk eða meira í 129 leikjum á HM.

28,3

Markmenn Íslands voru með 28,3 prósent markvörslu í leikjunum sex.



DARÍA

Allt að **50%** afsláttur

Allt að **40%** afsláttur

Beauty Salon
Snyrtistofa

Mini Mi

Allt að **50%** afsláttur

Allt að **40%** afsláttur

Skóhöllin
- skór & töskur -

ÚTSALA Í FULLUM GANGI

FJÖRÐUR
Í hjarta Hafnarfjarðar

Allt að **40%** afsláttur

KONA

Allt að **70%** afsláttur

MILLY

Allt að **70%** afsláttur

The Mistress

Leikfangaland.is

Allt að **50%** afsláttur

MERKISATBURÐIR

1802 Napoléon Bonaparte er kjörinn forseti Ítalska lýðveldisins á Norður-Ítalíu.

1855 Kirkjan á Hvanneyri í Siglufirði fýkur af grunninum og hafnar á hliðinni í kirkjugarðinum.

1908 Fjórar konur eru kjörnar í bæjarstjórn í Reykjavík. Þetta er í fyrsta sinn sem konur hafa almennan kosningarétt í sveitarstjórnarkosningum.

1962 Brian Epstein tekur að sér umboð Bítlanna.

1984 Fyrsta Apple Macintosh-tölvun kemur í verslanir.

2008 Ólafur F. Magnússon tekur við embætti borgarstjóra Reykjavíkur.



Ástkær móðir okkar, dóttir, systir, mágkona og amma,

Halldóra Björg Ström

lést þann 18. desember sl. Jarðarförin fór fram í kyrrþey 5. janúar síðastliðinn.

Stefán Ásgeir Arnarsson Vigdís Margrét Jónsdóttir
Viktor Örn Arnarson Karen Margrét Bjarnadóttir
Sigrún Ström, Lúðvík Ólason, Stefán Ström, Helga Bjarnadóttir, Gabriela Móey Stefánsdóttir, Axel Ström



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Ólöf Elinbjört Gísladóttir
Ollý, Elin

áður til heimilis að Selási 6, Egilsstöðum,

lést á hjúkrunarheimili Hrafnistu, Skógarbæ, sunnudaginn 8. janúar. Hún verður jarðsungen frá Lindakirkju föstudaginn 27. janúar kl. 15.00. Athöfninni verður streymt á vefslóðinni: Lindakirkja.is/utfarir

Gylfi Már Hilmisson Philippa Stokes
Margrét Friðriksdóttir Guðmundur Óli Ragnarsson
Gisli Friðriksson Bryndís Eva Vilhjálmisdóttir
barnabörn og barnabarnabörn



Útfararstofa Íslands

www.utfarin.is • Auðbrekku 1, Kópavogi

Sólarhringsvakt: 581 3300 & 565 5892

Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað



Sverrir Einarsson
S: 896 8242



Jóhanna Eiríksdóttir



Jón G. Bjarnason
S: 793 4455



Útfararstofa Hafnarfjarðar

www.utfararstofa.is • Dofrahellu 9b, Hafnarfirði



Útfararþjónusta
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN



Hafdis Hanna Ægisdóttir, forstöðumaður Stofnunar Sæmundar fróða um sjálfbæra þróun.

MYND/ HELEN MAYBANKS

Lifað með loftslagskvíða

Loftslagskvíði – Hvernig lifum við með honum? er yfirheiti hádegisfundar Loftslagsleiðtogans og Stofnunar Sæmundar fróða um sjálfbæra þróun.

arnartomas@frettabladid.is

Stofnun Sæmundar fróða um sjálfbæra þróun og Loftslagsleiðtogan standa fyrir hádegisfundum á morgun, miðvikudag, þar sem loftslagskvíði verður ræddur og hvernig hægt er að lifa með honum. Þar verða áhrif loftslagskvíða tekin fyrir í erindum og opnum umræðum.

„Við komum að þessu verkefni, Loftslagsleiðtoganum, sem fékk styrk úr Loftslagssjóði 2021,“ segir Hafdis Hanna Ægisdóttir, forstöðumaður Stofnunar Sæmundar fróða um sjálfbæra þróun. „Loftslagsleiðtogan miðar að því að valdefla ungt fólk til að takast á við loftslagsmálin í bland við útivist og leiðtogaþjálfun.“

Umræðuefni fundarins segir Hafdis Hanna tilkomið vegna þess hve mikið loftslagskvíði herjar á ungt fólk í dag.

„Það eru auðvitað þau sem munu erfa jörðina,“ segir hún. „Við ákváðum þemað með því að spyrja þau sem útskrifuðust hjá okkur úr Loftslagsleiðtoganum hvað ungt fólk vildi helst tala um og þetta er það sem kom upp.“

Getur verið valdeflandi

Erindi á fundinum á miðvikudag flytja þau Sverrir Nordal rithöfundur og Arnhildur Hálfánardóttir, dagskrárgerðarmaður á RÚV, sem hafa bæði fjallað um loftslagskvíða í sínum verkum. Þá verða einnig fjölbreyttar umræður, meðal annars með aðkomu frá sálfræðingi hjá sálfræðiþjónustu Háskóla Íslands og frá háskólanema sem tók þátt í Loftslagsleiðtoganum.

Hafdis Hanna segist ekki alveg viss



Loftslagsleiðtogahópurinn við isklifur.

MYND/ADSEND

um hvenær hugtakið loftslagskvíði dúkkaði fyrst upp en segir það orðið stutt og stöðugt meira áberandi á allra síðustu árum.

„Við erum ekki sist að taka þetta fyrir svo fólk geti fundið leiðir til að takast á við loftslagskvíðann,“ útskýrir hún. „Hann er raunverulegur og eitthvað sem ungt fólk, og auðvitað eldra fólk líka, finnur fyrir í sífellt meiri mæli.“

Hvað getum við gert til að takast á við kvíðann?

„Það er til dæmis hægt að vera virk í umræðunni um loftslagsmál eða nota list til að tjá sig,“ svarar Hafdis Hanna. „Það er hægt að valdefla sjálfan sig til að takast á við þetta. Ég held að það sé aldrei gott að sópa loftslagskvíðanum bara til hliðar.“

Hafdis Hanna bætir að lokum við að þótt kvíðinn geti haft hamlandi áhrif þá megi líka nýta hann sem afl til breytinga.

„Hann getur gefið okkur kraft til þess



Hvernig getum við notað þetta afl til að okkur líði betur?

Hafdis Hanna Ægisdóttir

að halda áfram að finna lausnir á þessari miklu áskorun sem við jarðarbúar stöndum frammi fyrir. Hvernig getum við notað þetta afl til að okkur líði betur? Við viljum endilega fá umræður um þetta í salnum svo við getum heyrt hvernig fólk líður með þetta allt saman og lært hvert af öðru.“

Fundurinn fer fram í Odda, stofu 101, í Háskóla Íslands milli klukkan 12 og 13 á morgun og er öllum opin. ■



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Jónas Helgason

Sautjándajúnitorgi 1, 210 Garðabæ, lést í faðmi fjölskyldunnar á líknaardeild Landspítala 10. janúar. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Eypóra V. Kristjánsdóttir

Ingunn Vattnes Jónsdóttir Hjördís Lóa Ingpórsdóttir
Kristján Vattnes Jónsson Sverrir Óskarsson
Linda Rós Birgisdóttir og barnabörn



Ástkær móðir okkar, systir, tengdamóðir, amma og langamma,

Jóhanna Hermannsdóttir

frá Vestmannaeyjum, andaðist 14. janúar sl. í Bandaríkjunum.

Fyrir hönd aðstandenda,
Helgi Hermann Hannesson
Jón Kristinn Hannesson
Herdís Hannesdóttir
Agnes Sandra Hannesdóttir
Edda Sigríður Hermannsdóttir



**JASON
STATHAM**

**AUBREY
PLAZA**

**JOSH
HARTNETT**

**CARY
ELWES**

**BUGZY
MALONE**

**AND HUGH
GRANT**

Í LEIKSTJÓRN **GUY RITCHIE**

OPERATION FORTUNE

RUSE DE GUERRE

KOMIN Í BÍÓ

LAUGARÁS  **BÍÓ**
BARA LÚXUS

SMÁRA  **BÍÓ**

HÁSKÓLA  **BÍÓ**

MIRAMAX

STX
FILMS

Hér færðu Fréttablaðið á höfuðborgarsvæðinu



101

Sundhöllin
Olís Ánanaustum
Nettó Granda
N1 Hringbraut
Krambúðin Skólavörðustíg
BSÍ
Bónus Kjörgarði
Bónus Fiskislóð

102

Krambúðin Menntavegi
Háskóli Íslands
Reykjavíkurflygvöllur

103

Kringlan
Bónus Kringlunni

104

Glæsibær
Olís Sæbraut
Olís Álfheimum
N1 Klettagörðum
Iceland Glæsibæ
Húsasmiðjan Skútuvogi
Hagkaup Skeifunni
Bónus Skútuvogi
Bónus Holtagörðum

105

World Class Laugum
Laugardalslaug
Nettó Nóatúni
Krambúðin Lönguhlíð
Krambúðin Laugalæk
Bónus Skipholti
N1 Borgartúni

107

N1 Ægissíðu
Melabúðin
Krambúðin Hjarðarhaga
Vesturbæjarlaug

108

Nettó Lág múla
N1 Stóragerði
N1 Fossvogi
Krambúðin Grímsbæ
Múlakaffi
Bónus Skeifunni

109

Olís Mjódd
Nettó Mjódd
N1 Skógarseli
Iceland Seljabraut

110

Árbæjarlaug
Olís Norðlingaholti
N1 Ártúnshöfða
Múrbúðin Kletthálsi
Bónus Hraunbæ

111

Breiðholtslaug
Iceland Vesturbergi
Bónus Lóuhólum

112

World Class Egilshöll
Grafarvogslaug
Olís Gullinbrú
N1 Gagnvegi
Bónus Spönginni

116

Klébergslaug

170

World Class Seltjarnarnesi
Sundlaugin Seltjarnarnesi
Hagkaup Eiðistorgi

200

Sundlaug Kópavogs
N1 Stórahjalla
Iceland Engihjalla
Bónus Nýbýlavegi
Bókasafn Kópavogs

201

Salalaug
Smáralind
Hagkaup Smáralind
Nettó Salavegi
Bónus Smáratorgi
Elko Lindum

203

World Class Ögurhvarfi
Nettó Búðarkór
Bónus Ögurhvarfi

210

Ásgarðslaug
Olís Hafnarfjarðarvegi
Hagkaup Litlatúni
Costco
Bónus Kaupþúni
Bónus Garðatorgi

220

Ásvallalaug
Sundhöll Hafnarfjarðar
Suðurbæjarlaug
Nettó Dalshrauni
N1 Lækjargötu
Húsasmiðjan Fjarðargötu
Fjörðurinn
Fjarðarkaup
Bónus Helluhrauni

221

Nettó Selhelli
Múrbúðin Selhelli
Iceland Staðarbergi
Bónus Tjarnarvöllum

225

Álftaneslaug

270

Varmárlaug
Lágafellslaug
Olís Langatanga
Nettó Sunnukrika
N1 Háholti
Bónus Bjarkarholti

*Sífellt fleiri staðir bætast við.
Fylgist vel með.

Stafrænar útgáfur



Skannaðu kóðann

Nánari upplýsingar finnur þú á frettabladid.is

Fréttablaðið

Tíminn vikkar og stækkar ljóðin

Sunna Dís skrifaði verðlaunaljóð Ljóðstafs Jóns úr Vör eftir andlát föðurömmu sinnar. Hún segir keppnina vera mjög mikilvæga fyrir samfélag skrifandi fólks.

tsh@frettabladid.is

Ljóðskáldið Sunna Dís Másdóttir hlaut um helgina Ljóðstaf Jóns úr Vör 2023 fyrir ljóðið „Á eftir þegar þú ert búin að deyja“ auk þess sem hún fékk viðurkenningu í sömu keppni fyrir ljóðið „Villisveppir í Pripyat“. Sunna Dís er rithöfundur, gagnrýnandi og þýðandi og meðlimur í skáldakollektífinu Svika-skáldum.

Hvernig var tilfinningin þegar þú fréttir þetta?

„Ég er svolítið á bleiku skýi, þetta var bara ótrúlega gaman. Hún stóð sig reyndar svo vel, Kristín Svava sem var formaður dómnefndar, þegar hún hringdi að ég hélt fyrst að hún væri að hringja til að skamma mig yfir einhverju, hún var svo alvarleg.“ segir Sunna og hlær. „Þetta kom mér alveg tvöfalt á óvart.“

Að sögn Sunnu var verðlaunaljóðið búið að liggja ofan í skúffu í dágóðan tíma áður en hún dró það fram og sendi í keppnina í haust.

„Þetta er svona fimm ára gamalt ljóð og hitt sem ég sendi og fékk viðurkenningu líka er enn þá eldra. En svona er þetta ferli oft, maður skrifar eitthvað og stingur ofan í skúffu og svo tekur maður það upp aftur og fiktur aðeins í því. Frumútgáfan er alveg fimm ára en svo er ég búin að koma aftur að því og leika mér aðeins að því,“ segir hún.

Dýrmæt og falleg stund

Sunna sendi í haust frá sér sína fyrstu ljóðabók sem ber titilinn Plómur. Spurð um hvort sigurljóðið sverji sig í ætt við þá bók segir Sunna það gera það að vissu leyti.

„Sigurljóðið er rosalega persónulegt og beint upp úr minni reynslu. Það eru náttúrulega svona prósalljóð líka í Plómum, ég hef mjög gaman af því formi, að leika mér aðeins með flæði og hrynjandi í þessum prósaramma,“ segir hún.

Hvað fjallar ljóðið Á eftir þegar þú ert búin að deyja um?

„Frumútgáfan varð til mjög snemma eftir að föðuramma mín dó. Mér finnst ég hafa verið svo heppin og lánsöm að hafa fengið að vera mikið með henni síðustu dagana. Við sátum mikið saman fjölskyldan og ég las fyrir hana ljóð úr bókinni hans Sigurðar Pálssonar sem var þá nýfallinn frá. Þetta var eitthvað svo ótrúlega dýrmæt og



Sunna Dís segist svifa um á bleiku skýi eftir að hún fékk Ljóðstaf Jóns úr Vör um helgina fyrir ljóðið Á eftir þegar þú ert búin að deyja. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

falleg stund og eitthvað sem ég hafði aldrei upplifað áður, að fá að fylgja manneskju í dauðann. Það snerti mig rosalega djúpt að fá að taka þátt í því með fjölskyldunni.“

Innblásin af Tsjernobyl

Eins og áður sagði fékk Sunna Dís ekki aðeins fyrstu verðlaun í ljóðasamkeppninni heldur hlaut hún einnig viðurkenningu fyrir ljóðið Villisveppir í Pripyat sem hún skrifaði fyrir sjó árum.

„Það sprettur upp úr því að ég hnaut um svo rosalegar ljósmyndir frá Prypjat, borginni við Tsjernobyl.

Þær höfðu svo mikil áhrif á mig og ég skrifaði upp úr því. Það er annað ljóð sem maður tekur upp aftur og svo núna þegar ég kom að því þegar ég ætlaði að fara að senda það inn í keppnina þá var það búið að öðlast einhverja svona aukamerkingu sem var ekki endilega til staðar fyrst. Sem er svo áhugavert, hvernig tíminn einhvern veginn vikkar og stækkar ljóðin,“ segir Sunna og vísar þar til stríðsins í Úkraínu.

Finnst þér mikilvægt að leyfa ljóðunum þínum að gerjast og vaxa með tímanum?



Sunna Dís við afhendingu Ljóðstafs Jóns úr Vör í Salnum ásamt Elisabetu Sveinsdóttur og Ásdís Kristjánsdóttur bærjarstjóra. MYND/LEIFUR WILBERG

Á eftir þegar þú ert búin að deyja

Á eftir þegar þú ert búin að deyja ætla ég að taka þig með mér héðan, sveipa um þig dímrauða teppinu sem þú felur þig undir, hylja þig nepalskri jakuxaull og stinga tönnunum þínum í vasann. Vatnið drýpur úr svampinum á náttborðinu. Hann er tannholdsbleikur á hvítum pinna og þú læsir kjálkunum um hann eins og ungbarn um móðurbrjóst þegar hann strýkst við varir þínar. Fyrsta viðbragðið er það síðasta sem hverfur. Á eftir þegar þú ert búin að deyja förum við í sirkus og borðum kandíflos sem límist í góminn klístrast við tannholdið spunninn sykur á pappírsvafningi, hann leysist upp á tungunni eins og tíminn og ég rétti þér tennurnar og sé hendur þínar verða fleygar á ný.



Ég er svolítið á bleiku skýi, þetta var bara ótrúlega gaman.

önnur skáld verðlaun og viðurkenningu í keppninni, þar á meðal Solveig Thoroddsen sem hlaut 2. verðlaun fyrir ljóðið „Lok vinnudags í sláturtíð“ og Helga Ferdinandsdóttir sem hlaut 3. verðlaun fyrir ljóðið „Annað líf“. Samhliða keppninni eru veitt verðlaun í Ljóðasamkeppni grunnskóla Kópavogs.

Eru svona keppnir mikilvægar fyrir ljóðskáld?

„Já, mér finnst það bara ótrúlega mikilvægt og mér fannst þetta líka bara eitthvað svo flott athöfn. Það var svo vel að þessu öllu staðið og svo gaman að heyra öll þessi ljóð lesin upp sem fengu viðurkenningar, líka í Ljóðasamkeppni grunnskólanna sem er náttúrulega þarna á sama tíma. Það gerir held ég alveg ótrúlega mikið fyrir samfélag skrifandi fólks að hafa svona keppnir.“

Hvað er næst á döfinni hjá þér?

„Ég er að vinna í handriti sem hefur verið að malla í svolitinn tíma og ég finn að nú er ég bara æst í að geta hella mér í það af fullum krafti. Maður fær svona einhvern byr undir báða vængi, mér líður alla vega þannig. Nú þarf ég bara að hreinsa borðið af öðrum verkefnum og einhenda mér í þetta.“ ■

Byr undir báða vængi

Ljóðstafur Jóns úr Vör hefur verið veittur árlega af Kópavogsbæ síðan 2001 í minningu skáldsins sem lést 2000. Auk Sunnu Dísar hlutu ýmis

Myrkir músíkdagar hefjast í dag

tsh@frettabladid.is

Tónlistarhátíðin Myrkir músíkdagar 2023 hefst í dag og stendur yfir út vikuna víðs vegar um höfuðborgarsvæðið. Myrkir músíkdagar er ein elsta tónlistarhátíð landsins, stofnuð árið 1980 af Tónskáldafélagi Íslands. Tónlistarhátíðin fer fram á myrkasta tíma ársins en leiðarljós hátíðarinnar er að kynna íslenska og erlenda samtímatónlist, tónskáld og flytjendur.

Á meðal flytjenda sem koma fram á hátíðinni í ár eru Bozzini kvartettinn frá Kanada, p.e.r.s.o.n.a.l.c.l.u.t.t.e.r frá Bretlandi, Skerpla, óperan Mörsugur með söngkonunni Heiðu Árnadóttur, Nordic Affect, Báru Gísladóttir, Strok-kvartettinn Siggí, Caput, Tríó Ísak, söngkonan Rosie Middleton frá Bretlandi, píanóleikarinn Andrew Zolinsky frá Bretlandi, Kammersveit Reykjavíkur, Strengjakvartettinn



Myrkir músíkdagar er ein elsta tónlistarhátíð landsins, stofnuð árið 1980 af Tónskáldafélagi Íslands.

Gró, Hljómeyki og kammeróperan Ástin ein taugahruga, enginn dans við Ufsaklett, með Tinnu Þorvalds Önnudóttur söngkonu og Júlíu Mogensen sellóleikara.

Þá heldur Símfóníuhljómsveit Íslands tvenna tónleika á hátíðinni,



Söngkonan Heiða Árnadóttir flytur óperuna Mörsögur eftir Ásbjörgu Jónsdóttur og Ragnheiði Erlu Björnsdóttur í Norðurljósum 25. janúar. MYND/ADSEND

annars vegar Flekaskil fimmtudaginn 26. janúar, með fimm verkum eftir íslensk tónskáld, og hádegis-istónleikana Hringla, með verkum Báru Gísladóttur, föstudaginn 27. janúar.

Dagskrá Myrkra músíkdaga 2023 er með alþjóðlegum blæ og kemur fjölbreyttur hópur íslenskra og erlendra listamanna fram á hátíðinni. Þá er hátíðin sögð endurspegla þann kraft og nýsköpun sem einkennir íslenska samtímatónlist á líðandi stundu.

Í tilkynningu frá Myrkum músíkdögum segir að hátíðargestir muni upplifa þversnið þess sem ber hæst í íslenskri samtímatónlist. Strengjakvartettar verða í fyrirrúmi á hátíðinni í ár, auk nýrra óperu- og söngverka. Mörk hins mögulega í samtímatónlist verða áfram könnuð á hátíðinni með áhugaverðum tilraunum og blöndun mismunandi tækni. ■

Kynlegri kvistir óskast

LEIKHÚS

Hvað sem þið viljið eftir William Shakespeare

Þjóðleikhúsið

Þýðing: Karl Ágúst Úlfsson

Leikgerð: Ágústa Skúladóttir og Karl Ágúst Úlfsson

Leikstjórn: Ágústa Skúladóttir

Leikarar: Almar Blær Sigurjónsson, Guðjón Davíð Karlsson, Hallgrímur Ólafsson, Hilmar Guðjónsson, Katrín Halldóra Sigurðardóttir, Kristjana Stefánsdóttir, Sigurður Sigurjónsson, Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir og Þórey Birgisdóttir

Leikmynd og búningar: Þórunn María Jónsdóttir

Lýsing: Jóhann Bjarni Pálmason

Tónlist og tónlistarstjórnun: Kristjana Stefánsdóttir

Hljóðhönnun: Brett Smith

Myndbandshönnun: Ásta Jónína Arnardóttir

Sigríður Jónsdóttir

Í Arden-skógi getur allt gerst; kyn, kynhneigð og kynhlutverk eru fljóandi, ástin svifur yfir vötnum og söngvarnir af vörum. Líkt og önnur leikrit skáldsins þá er Hvað sem þið viljið mjög teygjanlegt í túlkun og ævintýrin ótæmandi. Þessi gamanleikur eftir William Shakespeare ratar á svið Þjóðleikhússins í Þríðja sinn, nú í leikstjórn Ágústa Skúladóttur, en um þessar mundir má sjá tvö leikrita skáldsins í leikhúsum Reykjavíkur.

Margir kannast kannski við leikritið undir heitinu Sem yður þóknast en Karl Ágúst Úlfsson snýr titlinum og textanum öllum á nútímalegra mál og úr verður Hvað sem þið viljið. Karl Ágúst er með liprari orðasmíðum landsins og þýðingin ber þess merki. Hann tekur Shakespeare ekki of hátiðlega heldur skreytir textann með slanguryrðum og spaugi. Meira að segja laumar hann inn enska orðasambandinu „low-key“ sem kætti mannskapinn, enda vinsælt slangur hjá yngri kynslóðinni.

Hvorki fugl né fiskur

Söguþráðurinn er samsuða af fjölskylduerjum, dulargervum og heimspekilegum þöngum um ástina. Hefðarfólkið Orlando og Rósalind fella hugi saman við fyrstu sýn en margt stendur í vegi fyrir að þetta unga fólk fái að elskast. Rósalind hefur stundum verið kölluð ein eftirminnilegasta kvenpersóna skáldsins. Hún lætur ekki vaða yfir sig, tekur málin í sínar hendur og



Gagnrýnandi segir leikarana baða sig í sviðsljósinu í Hvað sem þið viljið en ekki sé hægt að hengja heila sýningu á leikaraskap.

MYND/ADSEND



Hvað sem þið viljið er ný aðlögun á verki Shakespeares. MYND/ADSEND

ögrar umhverfi sínu. Katrín Halldóra er mjög fær gamanleikkona en Rósalind skortir djúpt og breiðari tilfinningaskala. Almar Blær leikur Orlando og skemmtilegt er að sjá hann spreyta sig á Shakespeare,

enda spennandi leikaraefni. Hann er léttur í lund en lin framkoma Orlando verður til þess að hann er utanvelta í sýningunni, hvorki fugl né fiskur. Þessi öræðni og afstöðuleysi einkenna nánast allar persónur leiksins.

Gott dæmi er Selja, nánasta vinkona Rósalindar sem Þórey leikur af þrótti. Hún er tvístígandi gagnvart bestu vinkonu sinni, óviss um hvort tilfinningar sínar spretti af vináttu eða rómantískri ást. Spurningunni er aldrei almennilega svarað og er Selja þannig fyllind táningsstelpa frekar en ung kona á tímamótum. Prófstein leikur Hallgrímur af afslöppun og húmor, enda hlutverkið eins og skrifað fyrir hann. Atriði hans og Kristjónu í hlutverki Öddu eru kostuleg en Kristjana syngur sömuleiðis afar vel.

Leikarar í stuði

Guðjón Davíð, Hilmar, Sigurður Sigurjónsson og Steinunn Ólína skipta á milli sér heilum haug af persónum og eru í miklu stuði. Litla augnablikið þegar Friðrik hertogi

paufast við að príla af háseti sínu undirstríkar náðargáfu Sigurðar. Steinunn Ólína fangar tilfinningarússíbana þeirra samfélagslega vanhæfu og skotnu af sinni einstöku snilli, textaflutningur hennar er sömuleiðis frábær. Guðjón Davíð er í essinu sínu og fær að sleppa sér lausum í fifflalátunum. Hilmar er á miklu flugi þessa dagana og mætir á svið með krafti, tekur sjálfan sig ekki alvarlega og mjólkar hverja setningu, senubjófur.

Allt er þetta gott og vel, leikararnir gera ágætlega og leysa sitt hlutverk með látalátum en litlu er bætt við og heildarmyndin losaraleg. Ágústa setur grínið í forgrunninn og pólitíkin er þannig skilin eftir við vegkantinn. Leikararnir standa til hliðar við söguna frekar en að sökkva sér í hana. Hið sama má segja um listræna umgjörð sýningarinnar. Leikmynd Þórunnar Maríu skortir líf og búningarnir eru of fyrirferðarmiklir. Karlmannsgervi Rósalindar er mitt á milli hobbíta og skóladrengs, hvorugt er sérstaklega heillandi. Myndbandshönnun

Ástu Jónínu líður yfir bakvegginn og fram hjá skilningarvitunum.

Afstöðulaus sýning

Tónlist Kristjónu kveikir undir sýningunni, þar spilar texti Karls stórt hlutverk sem og frammistaða leikaranna. Frumsamda tónlistin er snotur og vel samín, en hljóðheimurinn dalar þegar leitað er í aðrar lagasmíðar. Notuð eru stef úr nokkrum Bítalögum sem eru hljómpýð og kunnugleg en afskaplega klisjukennnd lausn og stingur í stúf við hljóðheiminn.

Í Arden-skóginum má finna kynlega kvisti en hvar eru kvárin, kynslinn og kaosíð? Afstöðuleysi verður sýningunni til trafala þrátt fyrir frjálslega og lifandi þýðing. Þeir göðu eru góðir, þeir vondu vöndir og allt fer vel að lokum. Aukaleikararnir baða sig í sviðsljósinu enda hæfileikafólk en ekki er hægt að hengja heila sýningu á leikaraskap. ■

NIÐURSTADA: Milt og saklaust glens en kynjaverurnar eru týndar í skóginum.

Örvar í Undralandi

BÆKUR

Svefngríman

Örvar Smárason

Fjöldi síðna: 156

Útgefandi: Angústúra

Kristján Jóhann Jónsson

Þetta smásagnasafn er ekki aldæla. Samfélagsgagnrýni er hörð og aðferð furðusögunnar er beitt af útsjónarsemi til þess að afhjúpa bjánagang í mannlífni.

„Svefngríman“, fyrsta sagan í safninu, segir á hófstílltan hátt frá Guðbjörgu flugstjóra, sem fær kaffibolla á meðan hún bíður eftir heimsendi sem staðfest er að sé á leiðinni. Nafnið „Guðbjörg“ er varla tilviljun og starfið ekki heldur. Heimsbjörgun af hinnum ofan er ekki líkleg framvinda í veraldarmálunum. Sagan „Sprettur“ segir

frá manni sem stríðir við þrálátan útlímamissi, fer í sund, týnir tá og leitar að þessum hluta af sjálfum sér. Það reynist mörgum snúið að finna sjálfan sig, eða hluta af sér ef því er að skipta.

Kyndugt mæðginasamband

Í „Gæsum himinsins“ kynnumst við Jórinni Birnu sem lokast inni í eigin heimi. Hún hefur haft þungar áhyggjur af einkasyninum og endar með því að verða hans helsta áhyggjuefni. Margt er þar kyndugt í sambandi móður og sonar. Hlutverkaskipting þeirra verður vandræðaleg en hjá Jórinni kemur botnfallið úr sjónvarpinu og spjall við gervigreind að lokum í staðinn fyrir þátttöku í mannlífni. Helsti unaður Jórunnar Birnu er að fara ein í biltúr og prumpa í bilsætið með kveikt á sætishitaranum.

Í sögunni „Holur“ verða þau tíðindi að stofnað er Endaparmssafn,

gegnst Redasafninu; hinum megin við götuna. Þar starfar ungur maður sem heitir Fífill. Hann dregst inn í samkeppni þessara tveggja safna í hjarta Reykjavíkur. Fífill er gert erfitt fyrir en hann stendur sig.

Sagan „Raddbönd“ fjallar ekki um þau raddbönd sem við erum von að tala um. Aðalpersónan er að eigin mati með úthverfablindu, ratar ekki í úthverfum, en í bilnum er leiðsögu-tæki og því er rödd sem vísar veginn og aðalpersónan tengist henni sterkum böndum.

Óborganlegur starfstíll

Í sögunni „Óráð“ er fjallað um þá ógnvekjandi stöðu að vera karlmaður og sitja einn heima yfir veiku barni. „Blekhafið“ segir frá konu sem fer í læknisskóðun vegna

þungunar sem lengst af í sögunni virðist nokkuð langt fram gengin. Hjá lækninum fær hún þau erfðu tíðindi að föstrið sé horfið og enginn veit hvað varð af því. Sögunni er síðan snúið frá fæðingum að dauða og hvort tveggja virðist frekar óraunverulegt. Er eða er ekki en skiptir annars litlu.

Lokasagan „Nætursveifin“ segir frá manni með aldeilis óborganlegan starfstíll. Hann er „bakdyravörður“ í leikhúsi. Á hverju kvöldi snýr hann hinni vel földu nætursveif og alltaf kemur nóttin. Bakdyravörðurinn okkar veit hins vegar ekki hvers vegna hann á að snúa þessari sveif og finnur það aldrei út. Honum var sagt þegar hann hóf störf að þetta væri mikilvægt og mætti aldrei gleymast. Kafka hefði haft gaman af þessu!

Merkingarleysi nútímans

Yfir vötnum þessara smásagna svifur grunur um merkingarleysi nútímans. Fólk er þrælur vanans, meðvitundarlaust eins og vélmenni og getur einna helst myndað samband við önnur vélmenni. Nútím-



Yfir vötnum þessara smásagna svifur grunur um merkingarleysi nútímans.

inn er trunta og mannhyggjan á undanhaldi. Ég viðurkenni að við lesturinn varð mér stundum hugsað til Lewis Carroll og Lísu í Undralandi þar sem orsakasamhengin er snúið á haus, og stundum til Guðbergs Bergssonar þegar hann var upp á sitt besta. Ekki veit ég af hverju. ■

NIÐURSTADA: Sérstætt og mjög áhugavert sagnasafn. Samfélagsgagnrýnin óvæginn og hugrenningatengsl frumleg! Vonandi kemur meira efni frá Örvari Smárasyni sem fyrst.



2023

Heimsmeistaradraumar urðu að engu

Í hálfleik leiksins gegn Ungverjum þann 14. janúar síðastliðinn voru eflaust margir sem hugsuðu sér gott til glóðarinnar og fóru að skoða ferð á útsláttarkeppni HM. Ísland var búið að vera frábært í fyrri hálfleik og leiddi með fimm mörkum gegn Ungverjum og umræðan um verðlaunasæti ekki langt undan. Munurinn fór mest upp í sex mörk en þá fór allt í skrúfunu. Hér varð hrún og í Svíþjóð líka. Íslenska liðið átti engin svör á lokakaflanum og Ungverjar unnu tveggja marka sigur sem reyndist örlagavaldurinn þar sem Ungverjar fara áfram í átta liða úrslitin á innbyrðis viðureignum gegn Íslandi.



Ungverjar náðu 11-3 kafla á síðustu átján mínútum leiksins.

Alltaf eru það Ungverjarnir

Um árabíl hefur verið talað um Svíagrýluna í handbolta og Danagrýluna í knattspyrnu. Þá hafa Króatar reynt landsliðum okkar erfiðir á öllum sviðum en svo virðist sem ný grýla sé vöknud til lífs. Ungverjar standa sífellt í vegi Íslands á ögurstundum.

kristinnpall@frettabladid.is

Strákarnir okkar í handboltalandsliðinu eru á heimleið af Heimsmeistaramótinu í handbolta þar sem tapið gegn Ungverjum reyndist örlagavaldur. Ungverjar fóru áfram á innbyrðis viðureignum og skildu Strákana okkar eftir í sárum. Margir voru á því að Ísland gæti einfaldlega



Ungverjaland hefur unnið fimm af sjö leikjum gegn Íslandi á HM í handbolta.

orðið heimsmeistari en tólfta sætið reynist líklegast niðurstaðan.

Þetta er ekki í fyrsta skiptið sem Ungverjar kremenja íslensk hjörtu á ögurstundu. Fréttablaðið tók saman nokkur dæmi það þegar Ungverjar gerðu út um íslenska drauma. ■



2012

Vítið sem fór í súginn

Burðarásarnir úr silfurliðinu fjórum árum áður voru flestir til staðar. Ísland vann alla fimm leikina í riðlinum, þar á meðal eins marks sigur á verðandi Ólympíumeisturum Frakka. Ungverjar biðu Íslendinga í átta liða úrslitunum í leik sem fæstir gleyma. Ísland fékk vítakast þegar fjórtán sekúndur voru eftir og marki yfir en vítið frá Snorra Steini Guðjónssyni var varið af Nándor Fazekas og Ungverjar keyrðu upp hraðaupphlaup og jöfnuðu þegar tvær sekúndur voru eftir. Ekki tókst að knýja fram sigur í fyrri hluta framlengingarinnar en í þeirri seinni náðu Ungverjar að standast lokaáhlaup Íslands og fögnuðu sigrinum.



Ísland vann bæði Svíþjóð og Frakkland í riðlinum en þau mættust í úrslitaleiknum síðar í mótinu.

1997

Komið í veg fyrir leik um verðlaunasæti

Á HM 1997 í Japan vann Ísland átta af fyrstu tíu leikjunum og tapaði aðeins einum leik. Eftir nánast fullkomna riðlakeppni þar sem Ísland vann riðilinn unnu Strákarnir okkar Norðmenn í 16 liða úrslitunum áður en þeir voru stöðvaðir af Ungverjum. Róbert Júlíán Duranona fór fyrir íslenska liðinu sem tapaði með einu marki í Kumamoto. Íslenska liðið vann leiki gegn Spáni og Egyptalandi og lenti í fimmta sæti á mótinu sem er enn þann dag í dag besti árangur Íslands á HM.



Ísland vann átta af tíu leikjum á mótinu og tapaði aðeins einum leik, gegn Ungverjum í átta liða úrslitunum.



2020

Stórmóttaganga karlalandsliðsins stöðvuð

Íslenska karlalandsliðið í knattspyrnu undir stjórn Eriks Hamrén virtist vera á leiðinni á sitt þriðja stórmót í röð þegar skammt var til leiksloka á tónum þjóðarleikvangi Ungverja. Á lokamínútum leiksins jöfnuðu Ungverjar leikinn með heppnismarki eftir darraðardans í teig Íslands en Ungverjar áttu enn eftir að gera endanlega út um vonir Íslands. Í uppbótartíma var það vonarstjarna Ungverja, Dominik Szoboszlai, sem tók málin í sínar hendur og skoraði með stórkostlegu einstaklingsframtaki og gerði út um vonir karlaliðs Íslands um að komast á annað Evrópumótið í röð og þriðja stórmótið.



BRAD PITT

MARGOT ROBBIE



FROM THE DIRECTOR OF LA LA LAND AND WHIPLASH

BABYLON

KOMIN Í BÍÓ

C21 WALT DISNEY PICTURES PRESENTS A DOLBY DIGITAL SOUNDTRACK ALBUM ON INTERSCOPE RECORDS





FRÉTTA
VAKTIN

FRÉTTAVAKTIN

KL. 18.30 ALLA VIRKA DAGA

Fréttavaktin býðum landsmönnum upp á fjölbreytta fréttaumfjöllun í opinni dagskrá. Úrvalsið fjölmiðlafólks fer yfir fréttayfirlit dagsins ásamt því að fá til sín góða gesti að ræða helstu mál líðandi stundar.

Fréttavaktin er á dagskrá alla virka daga á Hringbraut, dv.is og frettabladid.is



HRINGBRAUT



Svanfríður Jónasdóttir gat ekki annað en samþykkt að fallega steinhúsinu hennar við Hafnarbraut í Dalvík yrði breytt í timburhjall í hálfan mánuð eða svo til þess að það skyggði ekki á sviðsmynd True Detective. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Svanfríður breytti húsinu í kumbalda fyrir Jodie Foster

Pósthúsið í Dalvík verður lögreglustöð í sviðsmynd HBO-þáttanna True Detective: Night Country. Hollywood-stjarnan Jodie Foster verður því líklega tíður gestur þar og nágrenni Svanfríðar Jónasdóttur sem á huggulegt steinhús handan götunnar í beinni skotlínu kvikmyndatökuvélanna.

toti@frettabladid.is

Steinhús Svanfríðar Jónasdóttur, fyrrverandi bæjarstjóra á Dalvík, lendir í skotlínunni þegar útsendarar bandaríska sjónvarpsrisans HBO hafa breytt pósthúsinu í miðbænum í lögreglustöð bæjarins Ennis í Alaska, sögusviði bandarísku saka-málaþáttanna True Detective: Night Country.

„Þannig háttar til að ég á hús sem er akkúrat hérna í miðbænum og lendir í skotlínu þegar kvikmyndatökurnar byrja og ég held að þá þyki það bara of fallegt,“ segir Svanfríður.

„Pósthúsið hérna handan við götuna verður lögreglustöðin í þáttunum þannig að það þyrfti sem sagt að setja húsið í dulargervi,“ segir Svanfríður sem telur víst að fína steinhúsið hennar frá 1929 sé of fallegt fyrir drungalega sviðsmynd þáttanna.

Ekki hægt að segja nei

Svanfríður sagði frá því á Facebook í gær að verið væri að „setja ramma á

”

Ég meina, maður getur ekki verið svo tifarlegur að segja bara nei.

Svanfríður segist aðspurð gera ráð fyrir að steinhúsið hennar verði timburhjallur í hálfan mánuð eða svo enda hefjist tókurnar sjálfar ekki fyrr en um mánaðamótin.

Jól í febrúar

Þá verður stórkleikkonan Jodie Foster líklega tíður gestur á pósthúsinu og nágrenni Svanfríðar en hún er í aðalhlutverki rannsóknarlögreglu-konunnar Liz Danvers.

„Þetta er bara mjög skemmtilegt. Upplýfting í skammdeginu,“ segir Svanfríður og bætir við að þótt

Dalvík sé mikill jólabær þá vinni liðið frá HBO nú hörðum höndum að því að magna þá stemningu enn frekar með hressilegri viðbót af amerísku jólaskrauti. ■

húsið mitt svo hægt verði að breyta þessu fína steinhúsi frá 1929 í timburhjall.“ Þá fylgdi sögunni að þetta þýddi þó ekki að hún yrði innilokuð á meðan tókur væru í gangi því hún kæmist út á austurhlíð hússins.

„Auðvitað segir maður bara já. Það er ekki annað hægt. Ég meina, maður getur ekki verið svo tifarlegur að segja bara nei,“ segir alþingiskonan fyrrverandi sem samþykkti fúslega að fegurð hússins yrði tónuð tímabundið niður, því breytt í timburhjall og að rómantísk girðingin sunnan hússins yrði bárujárnsklædd í listrænum tilgangi.



Jodie Foster breytir Dalvík í Alaska og steinhúsi Svanfríðar í timburkofa. SKJASKOT/JA.IS

 númer eitt®

GRUNNUR AÐ GÓÐU JAFNVÆGI Á BESTA ALDRI



Í HVADA BOX TIKKAR ÞÚ?



Gæði innihalds bætiefnanna í boxunum byggja ævinlega á nýjustu rannsóknum og eru bætiefnin framleidd úr hreinum og sjálfbærum innihaldsefnum.

Umhverfisvænar og endurvinnanlegar pakkningar, minni sóun og meiri gæði!

Öll bætiefnin í boxunum frá Númer Eitt eru glúten- og mjólkurlaus. Vörurnar innihalda engin erfðabreytt innihaldsefni.

Skannaðu kóðann og taktu bætiefnaprófið!



Fæst í flestum apótekum, Heimkaup, Hagkaup, Fræinu Fjarðarkaup og Heilsuhúsinu Kringlunni.

BAKÞANKAR

Kristbjargar
Þórisdóttur



Efnisflóð

Ég deili heimili með tveimur börnum og maka. Mér líður best þegar okkur tekst að halda heimilinu snyrtilegu og í röð og reglu. Oftast er heimili okkar eins og rennandi árfarvegur efnisflóðs og sífelld uppspretta verkefna. Þvottur sem sífelld þarf að sinna og stanslaus efniviður sem flæðir inn á heimilið í ýmsu formi og bregðast þarf við.

Hvernig lítur jafnan út þar sem notkunargildið er nægilega mikið svo réttlætanlegt sé að taka til sín þetta efni? Allt þetta dót á heimilum okkar er tekið úr sameiginlegum auðlindum jarðarbúa. Sumt endar svo jafnvel í líkamanum á okkur sjálfum eins og örplastið. Allt sem við kaupum endar einn daginn sem rusl.

Ætli við endum ekki eins og við byrjuðum þar sem vörurnar fara á milli fólks án umbúða? Það sem hefur breyst er að einhver græðir mikið á því að framleiða og selja okkur allar þessar vörur og umbúðir og telja okkur trú um að við þurfum þetta allt. Þar liggja lykillinn að lífshamingjunni.

Þegar manneskja verður miðaldra eins og ég fer smám saman að renna upp fyrir henni að þetta sé nú ekki svona einfalt. Hamingjan kemur innan frá og er ekki í umbúðum. Ein af áskorunum framtíðarinnar snýst um að finna leiðir til að umgangast þetta efni af meiri vandvirkni gagnvart okkur, öðrum jarðarbúum og jörðinni sjálfri. Deiliahagkerfið gæti verið farsæl leið til að mæta þessari áskorun þar sem vörurnar fara á milli eftir þörf hverju sinni, fáum þær „lánaðar“ um stund en skilum svo aftur. ■



Finnur þú PLAY á flugi í Fréttablaðinu?



Skannaðu mig

Fréttablaðið og PLAY ætla að bjóða heppnum lesanda Fréttablaðsins **100.000 króna** gjafabréf frá PLAY í hverri viku fram að 11. febrúar. Við drögum út næsta vinningshafa á mánudaginn 30. janúar næstkomandi.

Til að taka þátt í leiknum þarft þú að

- 1) Finna PLAY flugvélina á flugi í Fréttablaðinu.
- 2) Segja okkur á hvaða blaðsíðu þú fannst PLAY flugvélina og skrá það á www.frettabladid.is/lifid/playleikur

PLAY

FRÉTTABLAÐIÐ

*Því oftast sem þú skráir þig, því líklegra er að þú vinnir.
Fréttablaðið kemur út 5 daga vikunnar, frá þriðjudegi til laugardags.

LÆGSTA

VERÐIÐ

Í REYKJAVÍK

ER Á BÚSTAÐAVEGI

